



Skólaþróunarsvið
Kennaradeildar

Stóra upplestrarkeppnin

Skýrsla unnin fyrir Menntamálaráðuneytið

Rósa Eggertsdóttir
Guðmundur Engilbertsson

Maí 2004

Stóra upplestrarkeppnin

Skýrsla unnin fyrir Menntamálaráðuneytið

Höf.:

Rósa Eggertsdóttir

Guðmundur Engilbertsson

Háskólinn á Akureyri

Skólaþróunarsvið kennaradeildar

Maí 2004

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR.....	4
2. STÓRA UPPESTRARKEPPNIN.....	5
2.1 FORM OG SKIPULAG STÓRU UPPESTRARKEPPNINNAR.....	5
2.1.1 Markmið Stóru upplestrarkeppninnar	7
2.1.2 Skipulag	7
Undirbúningsnefnd	8
Skólaskrifstofa	8
Skólastjóri.....	9
Kennari.....	9
Héraðsnefnd	9
2.1.3 Fylgigögn.....	9
2.1.4 Mat á frammistöðu.....	10
2.2 ÞRÓUN STÓRU UPPESTRARKEPPNINNAR.....	11
3. AÐFERÐIR VIÐ MAT.....	14
3.1 SPURNINGALISTAKÖNNUN	14
3.2 VIÐTÖL	15
3.3 GÖGN.....	16
3.4 ÚRVINNSLA GAGNA	17
4. NIÐURSTÖÐUR.....	18
4.1 VIÐHORF FRAMKVÆMDARAÐILA	19
4.1.1 Viðtal við Baldur Sigurðsson.....	19
4.1.2 Viðtal við Ingibjörgu Einarsdóttur	21
4.2 ÞÁTTTAKA Í STÓRU UPPESTRARKEPPNINNI	23
4. 3 VIÐHORF TIL STÓRU UPPESTRARKEPPNINNAR.....	30
4. 4 SKIPULAG OG FRAMKVÆMD.....	31
4. 5 STUÐNINGUR VIÐ FRAMKVÆMD Í SKÓLUM.....	36
4. 6 ÁHRIF STÓRU UPPESTRARKEPPNINNAR.....	38
4. 7 MAT SKÓLA Á STÓRU UPPESTRARKEPPNINNI	47
5. UMRÆÐA.....	50
5.1 SAMANTEKT OG ÁLYKTANIR.....	56
6 HEIMILDIR:	58
6.1 RITAÐAR HEIMILDIR:	58
6.2 MUNNLEGAR HEIMILDIR:	59
FYLGISKJÖL	60

Myndaskrá

MYND 1 : UPPHAFSÁR ÞÁTTTÖKU SKÓLA Í STÓRU UPPESTRARKEPPNINI Á TÍMABILINU 1996 TIL 2003.	23
MYND 2 : DREIFING ÞÁTTTÖKUSKÓLA EFTIR LANDSSVÆÐUM.	24
MYND 3 : FJÖLDI KENNARA SEM HEFUR TEKIÐ ÞÁTT Í STÓRU UPPESTRARKEPPNINI.	25
MYND 4 : ÁSTÆÐUR FYRIR ÞÁTTTÖKU SKÓLA Í STÓRU UPPESTRARKEPPNINI. ...	26
MYND 5 : FJÖLDI NEMENDA SEM TEKUR ÞÁTT Í RÆKTUNARHLUTA OG KEPPNISHLUTA STÓRU UPPESTRARKEPPNINNAR INNAN HVERS SKÓLA.	28
MYND 6 : VIÐBRÖGÐ SKÓLA VARÐANDI SÉRSTAKT ÁTAK UM BÆTTA FRAMSÖGN OG UPPESTUR EF STÓRA UPPESTRARKEPPNINNAR NYTI EKKI VIÐ.	35
MYND 7 : AFSTAÐA KENNARA TIL NYTSEMI GAGNA FRÁ UNDIRBÚNINGSNEFND VARÐANDI RÆKTUNARHLUTA OG KEPPNISHLUTA STÓRU UPPESTRARKEPPNINNAR.	37
MYND 8 : AFSTAÐA TIL ÞESS HVORT STÓRA UPPESTRARKEPPNIN TEKUR OF MIKINN TÍMA FRÁ ANNARRI KENNSLU KENNARA EÐA ÖÐRU NÁMI NEMENDA.	39
MYND 9 : VIKULEGUR UNDIRBÚNINGSTÍMI KENNARA FYRIR KENNSLU FRAMBURÐAR OG UPPESTRAR.	40
MYND 10 : AFSTAÐA TIL ÞESS HVORT MARKMIÐ STÓRU UPPESTRAR- KEPPNINNAR HAFNA NÁÐST.	41
MYND 11 : ÁHRIF STÓRU UPPESTRARKEPPNINNAR Á STARF Í ÖÐRUM BEKKJUM.	42
MYND 12 : VIÐBÓTARÁHRIF Á ÁRANGUR NEMENDA Í 7. BEKK VEGNA ÞÁTTTÖKU Í STÓRU UPPESTRARKEPPNINI.	44
MYND 13 : MAT KENNARA Á GAGNSEMI LEIÐBEININGA Í HANDBÓK UM MAT Á ÁRANGRI NEMENDA.	47
MYND 14 : LEIÐIR FYRIR FORMLEGT MAT Á ÁRANGRI NEMENDA Í TENGLUM VIÐ STÓRU UPPESTRARKEPPNINA.	48

1. Inngangur

Stóra upplestrarkeppnin hóf starfsemi sína haustið 1996 í samstarfi við fimm grunnskóla. Að henni stendur undirbúningsnefnd sem hefur rekið hana frá upphafi. Stóra upplestrarkeppnin hefur sérstakt skipulag og tiltekna starfsemi að því leyti má líkja henni við stofnun eða óformlegt félag.

Markmið Stóru upplestrarkeppninnar er að vekja athygli og áhuga í skólum á vönduðum upplestri og framburði. Þessi markmið falla að stefnu *Aðalnámskrá grunnskóla* sem fjallar um upplestur og vandaðan og skýran framburð. Baldur Sigurðsson og Þórður Helgason lögðu í upphafi fram hugmyndina að þessu verkefni og hafa fylgt því eftir allar götur síðan ásamt öðrum áhugasömum aðilum. Haustið 2003 var „landnámi“ verkefnisins lokið en þá hafði undirbúningsnefnd verkefnisins tekist að bjóða öllum skólum landsins þátttöku með viðeigandi möguleikum á stuðningi.

Þessi skýrsla er afrakstur verkefnis sem menntamálaráðuneytið fól skólaþróunarsviði kennaradeildar Háskólans á Akureyri að vinna. Markmið með verkefninu var að leggja mat á hvort framkvæmd Stóru upplestrarkeppninnar væri samkvæmt yfirlýstum markmiðum hennar. Ennfremur átti að athuga hvort um fylgiáhrif væri að ræða og ef svo hvers konar áhrif það væru.

Við þessa matsvinnu var leitað til framkvæmdaraðila Stóru upplestrarkeppninnar 2003 til 2004, þau Baldur Sigurðsson og Ingibjörgu Einarsdóttur og skoðuð skrifleg gögn um verkefnið. Til að fá mynd af viðhorfum, stöðu og framkvæmd í skólum var sendur út spurningalisti til allra skóla sem starfrækja 7. bekk, rætt var við úrtak kennara, nemendahópa, fulltrúa frá skólaskrifstofum og foreldra.

Öllum þeim fjölmörgu, sem sáu af tíma sínum til þess að svara spurningalista, veita viðtal og taka til gögn sem mætti nýta, eru hér færðar sérstakar þakkir.

Akureyri 27. maí 2004

Rósa Eggertsdóttir
Guðmundur Engilbertsson

2. Stóra upplestrarkeppnin

Í þessum kafla er gerð grein fyrir Stóru upplestrarkeppninni, formi hennar og inntaki. Einnig er fjallað um hvernig verkefnið hefur þróast og lýst er viðhorfum tveggja forystumanna keppinnar.

Stóra upplestrarkeppnin hefur verið starfrækt í grunnskólum síðan haustið 1996. Hún beinist að því að efla framsögn og upplestur nemenda í 7. bekk. Verkefnið, sem er skipulagt af *undirbúningsnefnd um landskeppni í upplestri*, hefur sterka og skýra umgjörð. Stóra upplestrarkeppnin náði skjótt fótfestu í skólum og er nú svo komið að öllum skólum á landinu gefst tækifæri til að taka þátt í verkefninu.

2.1 Form og skipulag Stóru upplestrarkeppninnar

Í íslenskuhluta Aðalnámskrár grunnskóla (1999:10) er sagt að nauðsynlegt sé að hafa gott vald á töluðu máli, m.a. eigi þeir, sem það hafa, auðveldara með að miðla fræðslu- og menningarefni til annarra og taka þátt í félagslegum samskiptum. Þessi orð eiga fremur við félagslega samræðu en skýran framburð orða en þetta tengist þó saman í túlkun þess sem talar. Í íslenskuhluta Aðalnámskrár grunnskóla (1999:11) er sagt að þjálfun í töluðu máli stuðli að betra valdi á töluðu máli og festi orðaforða í sessi. Greint er milli tveggja þátta þjálfunar talaðs máls og framburðar, annars vegar framburðar- og framsagnarþáttar og hins vegar frásagnar-, samræðu- og umræðuþáttar. Í Aðalnámskrá grunnskóla (Íslenska 1999:5,9) er íslenskunámi skipt í nokkra þætti: lestur, talað mál og framsögn, hlustun og áhorf, ritun, bókmenntir og málfræði. Sagt er að innbyrðis tengsl þessara þátta séu mikilvæg. Í fljótu bragði má ætla að þjálfun nemenda í upplestri og framburði taki til þátta eins og lesturs, talaðs máls og framsagnar, hlustunar, áhorfs og bókmennta. Baldur Sigurðsson, sem hefur haft frumkvæði að Stóru upplestrarkeppninni, segir að það að lesa skýrt, með nákvæmum og vönduðum framburði, sé undirstöðuatriði fyrir góða stafsetningu. Jafnframt sé það að túlka texta og flytja hann af skilningi

mikilvægur þáttur í lesskilningi. Baldur segir gildi tónfalls, áherslu og túlkunar mikilvægan hluta merkingar textans (Kristín Elfa Guðnadóttir 2004:15).

Þar sem þátttakendur Stóru upplestrarkeppninnar eru nemendur í 7. bekk er vert að líta á sett markmið íslenskuhluta *Aðalnámskrár grunnskóla*. Þar (1999:42 46) er fjallað um áfangamarkmið í íslensku við lok 7. bekkjar. Í námskránni kemur fram að leggja beri áherslu á heildstætt nám í íslensku og fjölbreytileg viðfangsefni sem ná til allra námsþátta. Þar kemur fram að leggja skuli áherslu á fjölbreytta lestrarþjálfun og bókmenntakynningu. Kappkosta á að tengja kynningu á bókmenntum á markvissan hátt við aðra þætti móðurmálskennslunnar. „Í því felst m.a. að nemendur fái þjálfun í mismunandi lestri með því að lesa suma bókmenntatexta af nákvæmni og aðra hraðar; fái þjálfun í munnlegri tjáningu með því að lesa ljóð og aðra stutta texta upphátt, endursegi texta munnlega, fari með ljóð sem þeir hafi lært, syngi og taki þátt í leikrænum flutningi texta,” eins og segir í íslenskuhluta námskrárinnar (1999:42). Við lok 7. bekkjar á nemandi meðal annars að

- *hafa öðlast góðan lesskilning og fjölbreyttan orðaforða.*
- *geta lesið laust og bundið mál áheyrilega, m.a. að lesa upphátt og skýrt og á blæbrigðaríkan hátt á viðeigandi hraða.*
- *geta talað skýrt og áheyrilega, m.a. að geta sagt skýrt og skipulega frá og haldið athygli áheyrenda.*
- *geta flutt ljóð áheyrilega [blaðalaust með viðeigandi áherslum, tónfalli og látbragði].*
- *geta hlustað með athygli á upplestur á ljóðum og sögum.*
- *hafa lesið eða hlustað á vísur, ljóð, þjóðsögur [...], smásögur og skáldsögur.*

Í íslenskuhluta *Aðalnámskrár grunnskóla* (1999:18) segir að meta skuli hjá nemendum 5. til 7. námsárs:

- *Upplestur með því að skrá framfarir nemenda í undirbúnum upplestri á lausu og bundnu máli.*
- *Framsögn með því að leggja reglulega fyrir markviss verkefni sem gera kröfur um skýra framsögn með viðeigandi látbragði og skrá frammistöðu nemenda.*

Hægt er að færa rök fyrir því að upptalin markmið hér að framan eigi að ýmsu leyti við þegar um Stóru upplestrarkeppnina er að ræða, það er þjálfun í og mat á framburði og upplestri.

2.1.1 Markmið Stóru upplestrarkeppninnar

Markmið Stóru upplestrarkeppninnar er að vekja athygli og áhuga í skólum á vönduðum upplestri og framburði (Baldur Sigurðsson 2001:6). Á heimasíðu Stóru upplestrarkeppninnar (<http://www.ismennt.is/vefir/upplestur/>) er sagt að þótt yfirlýst markmið sé ekki flókið hafi komið í ljós að verkefnið hafi reynst miklu margslungnara og þjóni fleiri markmiðum en þeim sem formlega eru sett fram. Þrennt er sérstaklega talið upp:

- *Stóra upplestrarkeppnin bætir almennan lesskilning: Undirbúningur fyrir vandaðan upplestur krefst þess að nemendur æfi sig heima og lesi oft sama textann. Upplestur foreldra fyrir börn sín er fyrsta skrefið á þeirri braut en virðist því miður fá snöggan endi í grunnskólum. Upplestrarkeppninni er ætlað að opna þá braut að nýju.*
- *Stóra upplestrarkeppnin eflir sjálfsvirðingu og virðingu fyrir öðrum: Í verkefninu er lögð mikil áhersla á að sýna nemandanum, textanum og móðurmálinu virðingu. Markvisst er sneitt hjá öllum ýkjum, skrumskælum, hávaða og hasar, sem því miður einkennir svo mjög samkomur í grunnskóla hér á landi.*
- *Stóra upplestrarkeppnin er hvetjandi fyrir nemendur með lestrarerfiðleika: Þeir sem eiga undir högg að sækja, og eru jafnvel taldir ólæsir, geta lesið upp og blómstrað sem upplesarar – ef þeir fá að undirbúa sig. Þeir sem eiga við lestarörðugleika að etja hafa ekki síður en aðrir yndi af máli og texta og standa að því leyti jafnfætis öðrum.*

2.1.2 Skipulag

Stóra upplestrarkeppnin skiptist í ræktunar- og keppnishluta. Með ræktunarhluta er átt við tímabilið þar sem fram fer markviss þjálfun framburðar og upplestrar. Hefst sá hluti upplestrarkeppninnar formlega á degi íslenskrar tungu 16. nóvember og lýkur í mars ár hvert með því að valdir eru þrír bestu upplesarar úr röðum keppenda í hverju byggðarlagi eða umdæmi skólaskrifstofu. Ræktunarhlutinn beinist að því að rækta upplestur og framburð og búa nemendur undir keppnishlutann sem er í tvennu lagi. Annars vegar er haldin hátíð eða keppni í hverjum skóla þar sem valdir eru tveir til þrír nemendur til áframhaldandi keppni fyrir hönd skólans. Hins vegar er lokahátíð eða lokakeppni haldin í héraðinu þar sem áður nefndir fulltrúar skólanna lesa ljóð og texta sem þeir hafa undirbúið

vandlega. Dómnefnd velur þrjá keppendur sem hún telur skara fram úr og veitir þeim viðurkenningar (Baldur Sigurðsson 2001:6).

Að Stóru upplestrarkeppninni stendur *undirbúningsnefnd um landskeppni í upplestri*. Nafngift nefndarinnar helgast af þeirri fyrirætlan að keppnin nái til landsins alls. Aðstandendur nefndarinnar frá upphafi hafa verið Heimili og skóli, Íslensk málnefnd, Íslenska lestrarfélagið, Kennaraháskóli Íslands, Kennarasamband Íslands og Samtök móðurmálskennara (Baldur Sigurðsson 2001:3). Undirbúningsnefnd hefur aflað sér samninga við aðila um stuðning við keppnina til að kosta verkefnisstjóra og greiða ýmsan kostnað, svo sem ferðir undirbúningsnefndar til skóla um landið og bóka- og peningaverðlaun (Baldur Sigurðsson 2001:3).

Hlutverk undirbúningsnefndar er einkum fólgið í fræðslu, ráðgjöf, aðstoð og stuðningi en umsjón, stjórnun og framkvæmd er á vegum aðila eins og skóla- og fræðsluskrifstofa. Undirbúningsnefnd hefur komið á héraðsnefndum sem eru fulltrúum skólaskrifstofa til halds og trausts við undirbúning lokakeppni á starfssvæðum lokahátíða. Í héraðsnefnd sitja fulltrúar Heimilis og skóla og Samtökum móðurmálskennara, auk fulltrúa frá skólaskrifstofu (Baldur Sigurðsson 2001:7). Verkaskipting milli samstarfsaðila er með eftirtöldum hætti (Baldur Sigurðsson 2001:7-8):

Undirbúningsnefnd

- *Kynnir keppnina á haustin og kemur á kynningar- og fræðslufundi fyrir kennara og skólastjóra eftir því sem óskað er og þörf er á.*
- *Lætur prenta veggspjald keppinnar.*
- *aðstoðar kennara við val á bestu lesurum hvers skóla ef óskað er.*
- *Velur árlega það efni sem flutt er við lokahátíð keppinnar í hverju héraði.*
- *Lætur prenta viðurkenningarskjöl handa öllum þátttakendum í keppninni.*
- *Aflar bókaverðlauna handa öllum sem taka þátt í lokahátíð í héraði.*
- *Aflar sérstakra verðlauna í þrjú efstu sæti á lokahátíð.*
- *Tekur þátt í að skipuleggja lokahátíð í samvinnu við heimamenn.*

Skólaskrifstofa

- *Er tengiliður undirbúningsnefndar við kennara og skólastjóra.*
- *Skipuleggur og boðar kynningar, fræðslufundi og lokahátíð.*

- *Hefur yfirumsjón með framkvæmd verkefnisins í héraði frá upphafi til enda.*

Skólastjóri

- *Gerir kennurum og nemendum kleift að taka þátt í keppninni með velvilja sínum og stuðningi.*
- *Er kennurum innan handar og liðkar til með stundaskrá og húsnæði til að unnt sé að standa myndarlega að lokahátíð í skólanum sjálfum.*

Kennari

- *Tekur formlega ákvörðun um að taka þátt í keppninni með nemendum sínum. Þar með hefur hann ákveðið að taka upp ákveðna kennsluhætti í skólastofunni sem nær til allra nemenda í bekknum. Nemendur eru þar með allir formlegir þátttakendur í keppninni.*
- *Leiðbeinir nemendum sínum um vandaðan upplestur.*
- *Skipuleggur lokahátíð í skólanum í samráði við skólastjóra og velur efni til upplestrar í samráði við nemendur.*
- *Gætir þess að upplestur í skólanum sé bæði lesurum og áheyrendum fyrst og fremst til yndis og ánægju.*

Héraðsnefnd

- *Er kennurum innan handar við að vekja áhuga foreldra og foreldrafélaga á keppninni.*
- *Aðstoðar kennara og skólaskrifstofu við að fá hæft fólk í dómnefnd til að velja bestu lesara hvers bekkjar, skóla eða héraðs.*
- *Er skólaskrifstofum til halds og trausts við undirbúning og framkvæmd loka-hátíðar í héraði, einkum við að afla veitinga hjá fyrirtækjum í héraðinu og útvega tónlistaratriði eða annað skemmtiatriði á undan og eftir sjálfri keppninni.*

2.1.3 Fylgigögn

Undirbúningsnefnd hefur gefið út bæklinginn *Upplestrarkeppni í grunnskóla. Handbók* eftir Baldur Sigurðsson (2001). Í henni er upphaf Stóru upplestrarkeppninnar rakið og meðal annars sagt hverjir standa að keppninni og sagt frá markmiðum, skipulagi, verkaskiptingu samstarfsaðila og verkáætlun. Fjallað er

sérstaklega um ræktunarhlutann (bekkjarstarfið) og hátíðarhlutann (keppnina). Í ræktunarhluta er fjallað um kennsluaðferðir og kennsluhugmyndir og m.a. sagt hvernig eigi að meta framburð og upplestur. Í keppnishlutanum er fjallað ítarlega um skipulag upplestrarhátíðar í skólum og í héraði, s.s. röð atriða, röð keppenda, tónlistaratriði, ávörp, veitingar í hléi, hverjum eigi að bjóða, verðlaun og viðurkenningar og svo framvegis. Í handbók er sagt frá skipun dómnefndar og hvernig hún á að vinna.

Undirbúningsnefnd hefur látið gera myndbandið *Hátt og snjallt* um upplestur. Þar er fjallað um hvernig lesari ná sambandi við áheyrendur, um góða líkamsstöðu, rétta öndun, skýran framburð sér- og samhljóða, hrynjandi, hljómfall og raddbeitingu. Einnig er vikið að því hvernig gefinn er gaumur að hugblæ texta, áhersluorðum og hrynjandi. *Hátt og snjallt* er ætlað bæði kennurum og nemendum.

2.1.4 Mat á frammistöðu

Í handbók um Stóru upplestrarkeppnina (Baldur Sigurðsson 2001:15-16) og á heimasíðu hennar (<http://www.ismennt.is/vefir/upplestur/>) er að finna leiðbeiningar um þá þætti sem taka á tillit til þegar framsögn nemenda er metin:

- *Líkamsstaða. Lesari kemur sér vel fyrir áður en hann byrjar, og fer sér að engu óðslega. Hann þarf að standa beinn og í báða fætur, draga andann djúpt og horfa fram. Hangandi eða slöpp staða kemur niður á lestrinum.*
- *Notkun talfæra. Þegar talað er yfir stóran hóp þarf að kveða fastar og skýrar að en þegar talað er við fáa eða lesið úr sæti í skólastofu. Til þess þarf að hreyfa talfærin svo að sjáist. Þeim sem vanir eru að tuldra kann að virðast sem hreyfingar verði ýktar en svo ætti ekki að vera. Í þessu þarf hver og einn að leita jafnvægis, en miða má við að munnhreyfingar sjáist það vel að heyrnardaufur maður geti numið af vörum það sem sagt er. Bendið á sjónvarpspuli til samanburðar. Sumir eru til fyrirmyndar - aðrir ekki*
- *Raddstyrkur. Berst röddin út í hvert horn stofunnar? Góð öndun og stuðningur frá gólfi og magavöðvum skiptir máli. Spenna eða klemma í hálsi dregur úr raddstyrk og hefur slæm áhrif á tónfall.*

- *Blæbrigði Er lesturinn í samræmi við efnið? Hér skiptir mestu að lesari skilji efnið til hlítar og flytji áheyrendum þann skilning. Blæbrigði í lestri geta oft ráðið úrslitum um hvort áheyrandi skilur það sem sagt er.*
- *Hraði. Er lesið á þeim hraða sem hæfir efninu og hlustendum. Yfirleitt lesa nemendur of hratt og það kemur niður á blæbrigðum, framsögn og samskiptum við áheyrendur. Kennari þarf oft að ítreka við nemendur að lesa hægar.*
- *Framburður. Framburður þarf að vera vandaður og svo skýr að hvert orð skiljist. Í vönduðum framburði er gert ráð fyrir ýmsum eðlilegum brottföllum hljóða. Áherslur og tónfall þurfa að vera rétt og eðlileg.*
- *Samskipti við áheyrendur. Þegar lesari lítur yfir áheyrendur í upphafi þarf hann að gefa gaum að öllum salnum, jafnt þeim fremsta sem hinum aftasta. Lesari skyldi alltaf hafa þann í huga sem aftast situr, það gefur lestrinum meiri kraft. Gott er að líta upp við og við meðan lesið er og alltaf að lestri loknum. Góð samskipti við áheyrendur verða til þess að þeir fylgjast betur með og lesturinn verður blæbrigðaríkari.*

Lögð er áhersla á að þjálfar þessa þætti í ræktunarhluta og nýta sem viðmið um mat á frammistöðu í keppnishlutanum.

2.2 Þróun Stóru upplestrarkeppninnar

Hugmyndasmiðir að Stóru upplestrarkeppninni voru Baldur Sigurðsson og Þórður Helgason, dósentar við Kennaraháskóla Íslands. Strax í upphafi var leitað til ýmissa félagasamtaka um starf við að hrinda hugmyndinni í framkvæmd. Þeirra er getið fyrr í þessari skýrslu (sjá bls. 4). Nýir aðilar að undirbúningsnefnd eru fulltrúar frá Samtökum forstöðumanna almenningsbókasafna og Rithöfundasambandi Íslands (Kristín Elfa Guðnadóttir 2004).

Fyrsta veturinn tóku 5 skólar þátt í Stóru upplestrarkeppninni. Fjórir þeirra voru í Hafnarfirði og einn á Álftanesi. Undirbúningsnefnd í samstarfi við kennara þessara skóla þróaði það form sem einkennt hefur Stóru upplestrarkeppnina síðan. Haustið 1997 bættust við skólar á Reykjanesi og Suðurlandi. Haustið 1999 tóku þátt í fyrsta sinn skólar á Vesturlandi, Vestfjörðum og Húnavatnssýslum. Þátttökuskólar þann vetur voru 74 talsins (Baldur Sigurðsson

1999). Í lok fyrsta vetrar þótti ljóst að verkefnið hafði heppnast vel og höfðu aðstandendur verkefnisins hug á því að koma á landskeppni um upplestur og góðan framburð (Morgunblaðið 1997). Þeim fyrirætlunum hefur ekki verið fylgt eftir þannig að ein landskeppni fari fram en áhersla lögð á að geta boðið öllum skólum í landinu þátttöku sem lyki með lokakeppni í héraði. Nafn undirbúningsnefndar, *undirbúningsnefnd um landskeppni í upplestri*, eins og sjá má í handbók sem nefndin hefur sent frá sér til skóla vísar til landskeppni (Baldur Sigurðsson 2001).

Haustið 2003 lauk Stóra upplestrarkeppnin „landnámi Íslands“, eins og Baldur Sigurðsson orðar það en þá hafði skólum í öllum sveitarfélögum landsins verið boðin þátttaka (Kristín Elfa Guðnadóttir 2004).

Veturinn 2003 til 2004 voru þátttökuskólar í Stóru upplestrarkeppninni 151 af 168 sem starfræktu 7. bekk þann vetur (www.hagstofa.is). Í þessum bekkjum voru 4318 nemendur en það eru 97% árgangsins. Á landinu öllu voru árið 2004 haldnar 32 lokahátíðir í héruðum og keppti þar 450 nemandi til verðlaunasæta (Ingibjörg Einaradóttir 2004a).

Í anda leiðbeininga undirbúningsnefndar Stóru upplestrarkeppninnar hafa skólar leitast við að hafa umgjörð skólakeppni og lokakeppni í héraði sem veglegastar. Ennfremur halda umsjónarmenn í héraði skýrslur um keppnina. Skólar á svæði Skólaskrifstofu Austurlands voru fyrst þátttakendur haustið 2001. Í skýrslu frá skólaskrifstofunni (Ruth Magnúsdóttir 2002) segir að strax þennan fyrsta vetur hafi 150 nemendur í 12 bekkjardeildum tekið þátt í verkefninu. Lokakeppnir voru tvær á svæðinu og báðar haldnar í húsnæði sem sniðið var til hátíðarhalda. Önnur keppnin var í Hátíðarsal Menntaskólans á Egilsstöðum og hin í Eskifjarðarkirkju. Umfjöllun um keppnina kom fram í Svæðisútvarpi RÚV á Austurlandi og svæðisfréttablaðinu Austurglugginn. Ennfremur voru fréttatilkynningar sendar til landsmáblaða. Af ýmsum gögnum um keppnina má ætla að þessi hátíðlega umgjörð og umfjöllun í fréttamiðlum sé dæmigerð í tengslum við keppnishluta verkefnisins.

Fjölmarginir aðilar hafa styrkt starfsemi keppninnar með beinum og óbeinum hætti ár hvert. Þar koma til þau samtök sem eiga fulltrúa í undirbúningsnefnd, Menntamálaráðuneytið og ýmis fyrirtæki í atvinnulífinu, sjóðir, skólaskrifstofur, tónlistaskólar, framhaldsskólar, kirkjur og fleiri sem of langt mál yrði að telja upp

(Feykir 2003; Ruth Magnúsdóttir 2002; Baldur Sigurðsson 1997; Baldur Sigurðsson 2001).

Undirbúningsnefnd er sá aðili sem mótað hefur stefnuna. Hún skipar í hvert sinn framkvæmdaraðila sem voru skólaárið 2003 til 2004 Baldur Sigurðsson frá KHÍ og Ingibjörg Einarsdóttir kennsluráðgjafi við Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, áður formaður Samtaka móðurmálskennara (<http://www.ismennt.is/vefir/upplestur/>). Ingibjörg hefur verið virkur þátttakandi í mótun og rekstri Stóru upplestrarkeppninnar frá byrjun ásamt Baldri Sigurðssyni, Þórði Helgasyni og fleirum.

3. Aðferðir við mat

Tilgangur mats á Stóru upplestrarkeppninni var afa upplýsinga um hvort framkvæmd verkefnisins væri samkvæmt markmiðum hennar og hver væru hugsanleg fylgiáhrif hennar.

Stuðst var bæði við megingdlegar og eigindlegar aðferðir við matið. Upplýsinga um framkvæmd og viðhorf var afað með spurningalistakönnun og viðtölum en einnig voru skoðuð margvísleg gögn sem lágu fyrir um verkefnið frá ýmsum aðilum frá árinu 1997 fram til ársins 2004.

Spurningalistakönnunin sem send var skólum var forprófuð af fimm kennurum. Viðtalsrammi fyrir kennara var forprófaður af tveimur kennurum.

3.1 Spurningalistakönnun

Haustið 2003 var spurningalisti (fylgiskjal 1) sendur út í alla grunnskóla sem höfðu starfandi 7. bekk veturinn 2003 til 2004 en þeir voru 168 talsins. Svarhlutfall var 60% en 101 skóli sendi inn svör við könnuninni. Af þeim höfðu 95 skólar tekið þátt í Stóru upplestrarkeppninni en það er 56,5%. Spurningalistinn samanstóð af 20 spurningum, sumum fjölpættum og skiptist í tvo hluta. Skólastjórnendur voru beðnir um að svara A hluta. Þar var spurt um þátttöku í Stóru upplestrarkeppninni, hvernig þátttakan væri ákveðin, hvers vegna skólinn tæki þátt í verkefninu, spurt var um fjölda kennara og nemenda sem hefðu tekið þátt í verkefninu og hvort áhrifa þess gætti víðar en í 7. bekk. Skólastjóri var beðinn um að velja einn kennara af handahófi til að svara B hluta spurningalistans. Þar voru 12 spurningar. Kennarar voru spurðir um viðhorf til skipulags Stóru upplestrarkeppinnar, framkvæmd í kennslustofunni, undirbúning fyrir kennslu, hvernig þeir væru í stakk búnir til að leiðbeina nemendum um upplestur og framsögn, um stuðning við kennsluna, um áhrif verkefnisins á nemendur og um leiðir til að meta árangur nemenda.

3.2 Viðtöl

Símaviðtal var tekið við 19 kennara. Skólar voru valdir af lista frá Hagstofu Íslands frá árinu 2003 yfir grunnskóla á landinu. Níundi hver skóli var valinn af skólalistanum en tölunni hnikað ef ekki reyndust vera neinir nemendur í 7. bekk þess skóla sem fyrst komu til greina. Skólastjórum var sent bréf (fylgiskjal 2) og þeir beðnir um að velja „alveg af handahófi“ einn kennara af þeim sem höfðu að minnsta kosti eins vetrar reynslu af Stóru upplestrarkeppninni. Viðtölin tóku um 20 mínútur. Þau voru tekin upp á hljóðband og síðan tölvusett. Kennarar voru spurðir um álit þeirra á Stóru upplestrarkeppninni, um framkvæmd hennar, um áhrif verkefnisins á nemendur í 7. bekk, hvort merkja mætti áhrif víðar en í 7. bekk og hugsanleg örlög verkefnisins ef liðstyrks undirbúningsnefndar nyti ekki lengur við.

Rætt var við 39 nemendur í 10 nemendahópum í jafnmörgum skólum. Skólar voru valdir með tilliti til nálægðar við matsaðila. Þeir voru því allir á Eyjafjarðar-svæðinu. Erindi var sent til skólastjóra 27. apríl 2004 (fylgiskjal 3) og þeir beðnir um að gefa leyfi fyrir viðtali við einn nemendahóp, hver með fjórum nemendum. Lagt var til í erindinu hvernig nemendur væru valdir. Að fengnu góðfúslegu leyfi skólastjóranna var sent annað bréf sem ætlað var viðkomandi nemendum og foreldrum þeirra (fylgiskjal 4). Þar var gerð grein fyrir matsverkefninu og óskað eftir aðild nemendanna að viðtölunum. Ekki var beðið um staðfest leyfi til viðtalsins en foreldrar voru í bréfinu hvattir til að láta kennara eða skólastjóra vita ef þeir eða barn þeirra vildi ekki vera með í viðtalinu. Ennfremur var þess farið á leit við foreldra að þeir hringdu í matsaðila til að láta í ljós viðhorf sitt til Stóru upplestrarkeppinnar. Viðtöl við hvern nemendahóp tók um 15 mínútur. Þau voru tekin upp á hljóðband og tölvusett í kjölfarið. Nemendur voru spurðir um álit þeirra á Stóru upplestrarkeppninni, um ræktunarhlutann og keppnishlutann, um hvort þátttakan leiddi til framfara í upplestri og framsögn, hvort um annars konar áhrif væri að ræða og hvort þeir vildu sjá einhverjar breytingar á verkefninu.

Viðtöl voru tekin við tvo fulltrúa á skólaskrifstofum í september 2003 og febrúar 2004. Þeirra skólaskrifstofur voru valdar vegna þess hve margir skólar voru starfandi á svæði þeirra. Viðtölin tóku um 40 mínútur. Þau voru fyrst hljóðrituð og síðan tölvusett. Spurt var um álit á verkefninu, um hlutverk þeirra sem umsjónarmanna í héraði, hvernig staðið væri að framkvæmd og hver væri ávinningur nemenda.

Tveir foreldrar gáfu kost á símaviðtali í maí 2004. Hvort viðtal tók um 10 mínútur. Foreldrar voru spurðir um viðhorf þeirra til Stóru upplestrarkeppninnar og hverju verkefnið hefði skilað til barna þeirra.

Viðtöl voru tekin í janúar og febrúar 2004 við tvo forystumenn Stóru upplestrarkeppninnar, þau Baldur Sigurðsson dósent við KHÍ, annan upphafsmann verkefnisins og Ingibjörgu Einarsdóttur kennsluráðgjafa við Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar og fyrrum formann Samtaka móðurmálskennara. Baldur og Ingibjörg voru veturinn 2003 til 2004 skráðir sem framkvæmdaraðilar Stóru upplestrarkeppninnar. Hvort viðtal um sig tók um 60 mínútur. Spurt var um líkanið að Stóru upplestrarkeppninni, undirbúning kennara, um ræktunarhlutann og keppnishlutann, um árangur af verkefninu, leiðir til að meta það og loks var spurt um viðhorf til framtíðar Stóru upplestrarkeppninnar.

3.3 Gögn

Auk viðtala og spurningalistakönnunar voru skoðuð gögn sem hafa orðið til allt frá fyrsta ári verkefnisins 1996 – 1997 fram til ársins 2004 er matið átti sér stað. Þessi gögn voru af margvíslegu tagi. Flest voru þau komin frá undirbúningsnefnd Stóru upplestrarkeppninnar en einnig var um að ræða viðtöl við forystumenn hennar í blöðum og greinaskrif og skýrslur af þeirra hálfu. Ennfremur lágu fyrir blaðagreinar og skýrslur frá umsjónarmönnum keppninnar í héraði úti um land og ein B.Ed. ritgerð. Loks ber að geta ítarlegrar heimsíðu Stóru upplestrarkeppninnar.

3.4 Úrvinnsla gagna

Við úrvinnslu gagna var fyrst rýnt í viðtöl við tvo forystumenn Stóru upplestrarkeppninnar. Því næst er gerð efnisleg grein fyrir niðurstöðum úr öðrum gögnum, þ.e. svörum við spurningalistakönnun og viðtölum við kennara, nemendur, foreldra og fulltrúa á skólaskrifstofum. Skoðun gagnanna er með þeim hætti að sett eru hlið við hlið upplýsingar úr könnuninni og viðtölunum og þeim raðað efnislega. Í hverjum efniskafla er fyrst gerð grein fyrir niðurstöðum úr könnuninni en síðan bætt við upplýsingum frá viðmælendum og þess getið um hvaða viðmælendur ræðir.

Í umræðukaflanum er fjallað um helstu málaflokka sem þykja skipta máli, þeir bornir saman við bakgrunnsupplýsingar sem kynntar eru fremst í skýrslunni og síðan dregnar ályktanir af niðurstöðum. Í lokin er kynnt samantekt á helstu niðurstöðum matsins.

4. Niðurstöður

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir viðtölum sem tekin voru við forystumenn Stóru upplestrarkeppninnar og síðan er lýst niðurstöðum úr spurningalista-könnuninni og viðtölum við kennara, nemendur, foreldra og fulltrúa skóla-skrifstofa sem hafa umsjón með Stóru upplestrarkeppninni.

Gerð verður grein fyrir niðurstöðum gagna eftir efni. Sagt verður frá niðurstöðum spurningalistakönnunar og síðan felldar að upplýsingar úr viðtölum eftir því sem efni standa til. Vísað verður til viðmælenda, það er nemenda, kennara eða annarra viðmælenda í hverju tilviki. Þeir skólar, sem svöruðu spurningalistanum og höfðu tekið þátt í Stóru upplestrarkeppninni, voru 95. Ef ekki er sérstaklega gerð grein fyrir fjölda svarenda við spurningum, þá hafa allir skólarnir svarað til um viðkomandi efni. Ef svarhlutfall við einstaka spurningum er minna þá er þess sérstaklega getið.

Gerð verður grein fyrir efni viðhorfa í eftirfarandi köflum:

- *Þátttaka í Stóru upplestrarkeppninni.* Gerð er grein fyrir fjölda skóla, hvar skólarnir eru og hve margir kennarar hafa tekið þátt í verkefninu. Ennfremur er fjallað um hvers vegna skólar og kennarar kjósa að taka þátt í verkefninu.
- *Viðhorf til Stóru upplestrarkeppnina.* Lýst er afstöðu skólafólks, foreldra og nemenda til verkefnisins.
- *Skipulag og framkvæmd Stóru upplestrarkeppninnar.* Skýrt er frá hvernig skólar hafa staðið að skipulagi og framkvæmd verkefnisins.
- *Stuðningur við framkvæmd.* Sagt er frá hvernig kennurum finnst þeir vera undirbúnir til þátttöku og hvernig þeir verðmeta stuðning frá undirbúningsnefnd og skólaskrifstofum.
- *Áhrif Stóru upplestrarkeppninnar.* Hér er fyrst og fremst fjallað um áhrif verkefnisins á nemendur.
- *Mat skóla á Stóru upplestrarkeppninni.* Gerð er grein fyrir hvernig mati er háttað í skólum og viðhorfum til þess.

4.1 Viðhorf framkvæmdaraðila

4.1.1 Viðtal við Baldur Sigurðsson

Viðtal var tekið við Baldur Sigurðsson og hann spurður um viðhorf til ýmissa þátta sem varða Stóru upplestrarkeppnina (Rósa Eggertsdóttir 2004a).

Að sögn Baldurs voru ástæður fyrir því að lagt var af stað með Stóru upplestrarkeppnina margvíslegar. Eftir að Björn Guðfinnsson leið hafði ekki verið gert neitt átak til að rækta góðan framburð og framsögn í einhverja sérstaka átt og segja má að margir íslenskufraeðingar hafa verið fremur aðgerðarlitlir í því að hafa áhrif á þróun tungunnar. Á árum áður voru haldin kennaranámskeið um framsögn en kennarar Kennaraháskóla Íslands fundu að það skilaði ekki neinu. Frásagnir foreldra sem fóru á skólaleikrit og hlustuðu á upplestur nemenda á skólaskemmtunum studdu þetta álit enn frekar. Um 1990 jókst kennsla og þjálfun kennaranema hvað varðar framsögn og upplestur í KHÍ. Sú vinna hefur skilað árangri að mati Baldurs. Stóra upplestrarkeppnin var hugsuð til þess að mæta þörfinni á að efla góða framsögn og framburð.

Líkanið að Stóru upplestrarkeppninni var mótað strax fyrsta árið sem hún starfaði. Það hefur ekki breyst síðan og sagði Baldur undirbúningsnefndina ekki hafa komið auga á betra líkan. Fyrir um ári síðan fór fram mikil umræða innan nefndarinnar um hvort unnt væri að draga saman seglin að einhverju leyti. Niðurstaðan var sú að ef halda ætti áfram þá yrði að halda verkefninu í svipuðu horfi. Það væri ekki hægt að slá af að neinu leyti. Verkefnið skiptist í ræktunarhluta og keppnishluta. Sá síðari, að mati Baldurs, er hvati til að sinna vel ræktunarhlutanum.

Baldur sagði að merkja mætti misjafna stöðu nemenda varðandi upplestur og framburð innan héraða, einkum fyrstu tvö árin sem skólar tækju þátt í keppninni. Á fyrstu lokakeppnunum hefði mátt heyra á nemendum í hvaða skólum alúð hafði verið lögð við þessa kennslu. Þá fengju nemendur úr einum skóla öll verðlaunin. Á þriðja ári færu verðlaunasætin að dreifast á milli skóla.

Varðandi ákvörðun skóla um þátttöku í verkefninu, þá taldi Baldur mikilvægt að kennarar í 7. bekk kæmu að ákvörðun um þátttöku í hvert sinn. Vissulega væri

Það kostur þegar ákvæði um aðild væru komin í skólanámskrá en verkefninu væri akkur í því að hafa áhugasama kennara, það tryggði gæði verkefnisins.

Baldur var spurður um viðbótaráhrif sem þátttaka í Stóru upplestrarkeppninni kynni að hafa í för með sér. Hann sagðist hafa heyrt frá kennurum margvíslegan ávinning af verkefninu. Sem dæmi mætti nefna hugsanlega meiri áhuga nemenda á bókmenntum, aukinn lestur og síðast en ekki síst aukið sjálfstraust nemenda. Það hefði komið aðstandendum verkefnisins á óvart hve lestur á texta eftir einhvern annan styrkti lífsleikni barnanna. Ennfremur nefndi Baldur að skýr og vandaður framburður væri undirstaða góðrar stafsetningar. Hann vísaði til rannsóknar hans og Steingríms Þórðarsonar þar sem kom í ljós að þeir nemendur sem voru lélegir í stafsetningu voru yfirleitt lélegir í þeim atriðum sem styddu góðan framburð.

Rætt var um mat á árangri nemenda. Baldur sagði að sá þáttur hefði lengi verið áhyggjuefni hjá undirbúningsnefndinni og formlega matið væri veikleiki í verkefninu. Hann velti því fyrir sér hvort það væri verkefni undirbúningsnefndar að standa að öðru mati en því sem á sér stað á lokahátíðum en þangað sendir undirbúningsnefnd tvo fulltrúa í dómnefnd. Hann sagði það þó vera óskaverkefni að vísindaleg rannsókn færi fram á árangri verkefnisins.

Aðspurður um breyttan rekstur á Stóru upplestrarkeppninni, þá sagðist Baldur sjá það fyrir sér að skólaskrifstofur og einstakir skólar gætu tekið að sér framkvæmd verkefnisins og segir dæmi vera um slíkt. Þó sé á það að líta að ekki starfi skólaskrifstofur í öllum sveitarfélögum, auk þess hafi komið í ljós að við starfsmannaskipti í skólum og á skólaskrifstofum flytjist reynsla ekki á milli manna. Nýr kennari eða fulltrúi á skólaskrifstofu þurfi að vinna alveg frá grunni í tengslum við verkefnið. Þar að auki sé ekki tryggt að það starfi kennarar í 7. bekk sem hafi grunn til að leiðbeina um framsögn og framburð. Þótt skólaskrifstofur gætu rekið verkefnið telur hann það betri kost að einn aðili reki verkefnið og tryggi þannig samræmingu. Baldur nefnir möguleika á stofnun áhugamannafélags um framburð og upplestur. Það gæti starfað eins og hvert annað félag með deildir út um landið. Starfsemi félagsins þyrfti að hafa nemendur í brennidepli og finna yrði leiðir til að tryggja endurnýjun í félaginu. Það mætti gera með því að hvetja sigurvegar úr lokakeppnum að ganga í félagið. Ennfremur væri mikilvægt að halda tengslum og samvinnu við félög sem nú standa að undirbúningsnefndinni svo sem Samtökum móðurmálskennara,

Kennarasamband Íslands og Heimili og skóla. Fjármögnun samtakanna yrði að vera með svipuðu móti og nú er.

4.1.2 Viðtal við Ingibjörgu Einarsdóttur

Viðtal var tekið við Ingibjörgu Einarsdóttur. Hún var spurð um viðhorf til ýmissa þátta sem varða Stóru upplestrarkeppninnar (Rósa Eggertsdóttir 2004b).

Ingibjörg taldi að líkanið að Stóru upplestrarkeppninni hefði reynst ótrúlega vel og ef hún stæði frammi fyrir því að skipuleggja aftur verkefni af þessu tagi, þá myndi hún hafa skipulagið og formið óbreytt. Hún vísaði til framkvæmdar með kennurum í Hafnarfirði og Álftanesi fyrsta ár keppninnar. Þá hefði bæklingurinn *Upplestrarkeppni í grunnskóla* orðið til. Ingibjörg sagði að ræktunarhlutinn væri aðalþáttur verkefnisins. Þótt sá hluti hæfist formlega 16. nóvember ár hvert, þá taldi hún að hann hæfist fyrr í skólum þar sem kennarar settu Stóru upplestrarkeppnina inn á starfsáætlun fyrir veturinn. Hún sagðist þó vita af skólum, einkum úti á landi, sem ekki færu markvisst í verkefnið fyrr en eftir áramót. Þótt megináhersla væri á lögð ræktunarhlutann væri það ef til vill keppnishlutinn sem héldi honum gangandi. Kennarar vildu gjarnan koma með nemendum sína á lokahátíð. Margir kennarar hefðu sagt að lokahátíðin væri mesta menningarhátíðin á svæði þeirra. Hún væri kynnt í samfélaginu í svæðisbundnum blöðum, á heimasíðum sveitarfélaga og stundum auglýst í landsmálablöðum. Það væri einnig hluti af skilaboðum frá undirbúningsnefnd að forystufólk í sveitarfélögunum sæktu lokahátíðarnar. Ingibjörg taldi að ef keppnishlutanum yrði sleppt myndi ræktunarhlutinn ekki ganga eins vel og raunin væri á.

Aðspurð um færni kennara til að leiðsegja nemendum um bættan upplestur og skýran framburð, þá sagðist hún hafa heyrt marga kennara bera sig undan því að hafa ekki nægilega færni til að undirbúa nemendum að þessu leyti. Hún sagði það einnig sína skoðun að það þyrfti að hnykkja víða á undirbúningi kennara og ráðgjöf við þá. Undanfarin ár hefði reyndar kennaramenntun verið eflað á þessu sviði í Kennaraháskóla Íslands og sum héruð hefðu lagt áherslu á námskeiðahald fyrir kennara. Þannig hefði eitt landsvæði haldið þrjú kennaranámskeið sama árið. Stöku kennarar sóttu öll námskeiðin. Undirbúningsnefndin taldi sig sjá þessi námskeið skila sér í góðri frammistöðu nemendanna.

Ingibjörg var spurð hvernig henni fyndist að standa ætti að ákvarðanatöku um þátttöku í skólum. Hún sagðist í upphafi hafa verið þeirrar skoðunar að kennarar ættu sjálfir að ákveða hvort þeir og nemendur þeirra tækju þátt í Stóru upplestrarkeppninni. Ef þessi háttur væri hafður á þá væru kennarar miklu jákvæðari gagnvart verkefninu heldur en ef væri skylduverkefni. Með árunum hefur skoðun hennar breyst nokkuð. Allir nemendur þyrftu að læra upplestur og framsögn og réðu hagsmunir nemendanna um að þeir fengju samskonar kennslu innan árgangs. Ingibjörg vissi til þess að skólar hefðu í auknum mæli sett þátttöku í verkefninu inn í skólastefnu sína. Henni var einnig kunnugt um að áhrifa verkefnisins gætti í öðrum árgöngum heldur en í 7. bekk. Hún nefndi skóla sem hefði komið á skólahátíð í upplestri fyrir 6. bekk. Annar skóli væri kominn með sína hátíð fyrir 8. og 9. bekk. Ingibjörg sagði að kennarar margra árganga hefðu sótt námskeið um upplestur og framsögn, jafnvel kennarar sem kenndu í 1. og 2. bekk.

Rætt var um hvernig kennarar gætu farið að því að meta árangur nemenda sinna. Ingibjörg hafði í fórum sínum ýmiskonar gátlista sem mætti styðjast við en sagði að matið væri erfitt viðureignar. Hún sagði að undirbúningsnefndin fyndi greinilega að frammistaða nemenda hefði batnað mikið en ekki væru fyrir hendi leiðir til að meta formlega þennan árangur.

Aðspurð um breyttan rekstur á Stóru upplestrarkeppninni sagði Ingibjörg að kennarar myndu sakna þess ef verkefnið yrði ekki lengur á landsvísu. Líklega myndu stór sveitarfélög halda verkefninu áfram og til væru sveitarfélög sem hefðu enga skólaskrifstofu. Ef undirbúningsnefndar nyti ekki við þá myndi ekki verða um neina samræmingu að ræða varðandi framkvæmd. Mest myndu menn sakna þess sýnilega svo sem veggspjalda og viðurkenningarskjala. Allir myndi vilja fá áfram aðsent samræmt lesefni til að lesa á lokakeppninni. Ingibjörg taldi koma til greina að koma á fót ráðgjafarhópi sem gæti selt þjónustu til skóla, til dæmis handbókina, lestrarefni og fræðslufundi og ráðgjöf. Hún sagði að starf undirbúningsnefndar hafi frá upphafi verið hugsjónastarf og menn tekið t.d. setu í dómnefndum af sumarleyfi sínu. Ingibjörg sagðist öll árin, yfirleitt í samvinnu við Þórð Helgason eða Baldur Sigurðsson, valið texta til að lesa fyrir lokakeppnir. Slík vinna væri mjög tímafrek og tæki yfir lungann af haustinu. Textinn þurfi að hafa tiltekna samfellu og hæfa þessum aldurshópi.

4.2 Þátttaka í Stóru upplestrarkeppninni


Fyrsta ár Stóru upplestrarkeppinnar var skólaárið 1996 til 1997. Þrír af þeim 82 skólum, sem svöruðu spurningu um upphafsár þátttöku, voru þátttakendur þennan fyrsta vetur. Af öðrum gögnum um keppnina er vitað að fyrstu þáttökuskólarnir voru frá Hafnarfirði og Álftanesi og voru þeir fimm talsins (Baldur Sigurðsson 1997). Verkefninu óx fljótt fiskur um hrygg og haustin 1999 og 2000 bættust við samtals 40 skólar í hópinn miðað við svör úr við spurningalistanum. Á mynd 1 má sjá yfirlit yfir upphafsár þeirra skóla sem svöruðu könnuninni.



Mynd 1 : Upphafsár þátttöku skóla í Stóru upplestrarkeppninni á tímabilinu 1996 til 2003.

Um 57% skólanna, sem þátt tóku í könnuninni, skilgreindu sig í þéttbýli en hinir í dreifbýli. Spurt var um staðsetningu skólanna eftir eldri umdæmisskipan í landinu. 91 skóli svaraði spurningunni og var dreifingin eins og fram kemur á mynd 2.

Fyrsta ár þátttöku í Stóru upplestrarkeppninni



Mynd 2 : Dreifing þátttökuskóla eftir landssvæðum.


Í einni athugasemd með spurningalistanum kom fram að viðkomandi skóli hafði hætt þátttöku í Stóru upplestrarkeppninni þar sem hann var eini skólinn í viðkomandi sveitarfélagi. Þrátt fyrir það hélt skólinn sína eigin upplestrarkeppni.

Spurt var um með hvaða hætti ákveðið var að taka þátt í Stóru upplestrarkeppninni. Fram kom að í 54% skólanna hafði farið fram formleg umræða um hvers vegna skólinn tæki þátt í verkefninu. Tæplega helmingur skólanna (46%) ákvað að taka þátt án sérstakrar umfjöllunar meðal starfsmanna.

Í rúmlega helmingi skólanna (55%) var búið að binda þátttöku í skólastefnu eða skólaáætlun en ekki liggur fyrir hvernig sú ákvörðun var tekin. Í 28% skólanna mælti skólastjórinn fyrir um þátttöku. Í einu svari var tekið fram að ákvörðun um þátttöku væri gerð í samráði við viðkomandi kennara. Í 17% skólanna (16 skólar) voru kennarar í 7. bekk sjálfráðir um hvort nemendur þeirra tækju þátt í verkefninu eða ekki.

Spurt var um hve margir kennarar, sem störfuðu við skólann þegar spurningalistanum var svarað [haustið 2003], höfðu kennt og þjálfað nemendur í 7. bekk fyrir Stóru upplestrarkeppnina. Svarmöguleikum var ætlað að gefa vísbendingar um fjölda en ekki tiltaka nákvæman fjölda þeirra kennara sem höfðu reynslu af því að leiðbeina nemendum um framsögn og upplestur í tengslum við Stóru upplestrarkeppnina í þessum skólum. Gera má ráð fyrir að kennarar með þessa

reynslu hafi verið yfir 300 í þeim 93 skólum sem svöruðu spurningunni. Á mynd 3 er sýndur fjöldi kennara sem hefur reynslu af Stóru upplestrarkeppninni.




Mynd 3 : Fjöldi kennara sem hefur tekið þátt í Stóru upplestrarkeppninni.

Rúmlega fjórðungur skólanna (28%) hafði á að skipa einum kennara með reynslu af þessu tagi. Í 46% skóla voru tveir til fjórir kennarar með reynslu af Stóru upplestrarkeppninni og í rúmlega fjórðungi skólanna (26%) voru fimm eða fleiri reyndir kennarar á þessu sviði.

Spurt var um ástæður fyrir þátttöku skólanna í verkefninu og gefnir upp níu möguleikar auk möguleikans *annað*. Á mynd 4 er sýnd dreifing svaranna.

Ástæður fyrir þátttöku skóla í Stóru upplestrarkeppninni



Mynd 4 : Ástæður fyrir þátttöku skóla í Stóru upplestrarkeppninni.

Þær meginástæður sem lágu að baki þátttöku skólanna í Stóru upplestrarkeppninni voru þrjár. Í fyrsta lagi tóku allir skólarnir utan tveir þátt í verkefninu vegna yfirlýsts markmiðs keppinnar, það að bæta framburð og upplestur nemenda. Athyglisvert er að nærri jafnrík ástæða fyrir þátttöku (96%) var sú skoðun að þátttakan styrkti sjálfstraust nemenda og 92% skólanna töldu að lestrarfærni nemenda myndi batna almennt við þessa þátttöku. Til viðbótar þótti skólunum (63%) þetta vera góða leið til að auka lestur nemenda. Aðrar ástæður vógu minna en í fjórðungi skólanna hafði hvatning frá kennurum haft áhrif á þátttökuna.

Fram kom í svörum við spurningalistakönnun að hvatning frá aðilum utan skólanna hafði lítil áhrif á þátttökuna ef undan er skilin hvatning frá undirbúningsnefnd Stóru upplestrarkeppninnar en tæpur þriðjungur skólanna taldi að hvatning frá henni hafi skipt máli. Hvatning frá foreldrum og aðilum frá sveitarfélögum svo sem skólanefnd eða skólaskrifstofu skipaði ekki sérstakan sess varðandi ákvarðanir um þátttöku. Ekki er ljóst hvort þessir aðilar höfðu lítið hvatt til þátttökunnar eða hvort hvatningin vó lítið.

Í viðtölum við fulltrúa frá skólaskrifstofum kom fram að á hverju hausti höfðu þeir samband við alla skólastjóra í sveitarfélaginu og spurðust fyrir um þátttöku.


Í öðru tilfallinu var erindið beinlínis orðað þannig að skólastjórar ræddu við sína kennara um hvort þeir ætluðu að vera þátttakendur. Báðir viðmælendur sögðu þó að það væri orðin hefð fyrir þáttökunni og það heyrði til undantekninga ef einhver skólanna væri ekki með. Annar fulltrúinn sagði að eftir skráningu að hausti lyki sinni aðild að verkefninu þangað til færi að líða að keppnishlutanum en hinn sagðist reglulega hafa samband við skólana og hvetja kennarana til dáða. Í báðum sveitarfélögum var mögulegt að skóli gæti hætt þátttöku tímabundið eða alveg án þess að verða fyrir þrýstingi frá skólaskrifstofu. Þó sagðist annar fulltrúinn í slíkum tilfellum ræða sérstaklega við viðkomandi skólastjóra og hvetja hann til að endurskoða afstöðu sína. Ákvörðunin væri þó á endanum alfarið í höndum skólanna sjálfra.

Í svörum við spurningalistakönnuninni nefndu fjórir skólar aðrar ástæður fyrir þátttöku en þær sem voru gefnar upp í spurningunni. Þær voru að Stóra upplestrarkeppnin var talin auka áhuga á lestri; hún þjálfaði nemendur í að koma fram; þátttakan kom til vegna hvatningar frá bókasafnskennara og loks nefndi einn fámennur skóli að þátttakan væri liður í að auka fjölbreytni í vinnubrögðum og gefa nemendum tækifæri til að hitta jafnaldra utan skólans.

Í viðtölum voru kennarar spurðir hvers vegna skóli þeirra væri þátttakandi í Stóru upplestrarkeppninni. Flestir voru með til að bæta upplestur nemenda. Einn kennari sagði að sinn skóli væri þátttakandi til „að efla fagurt mál, efla góðan lestur, framkomu og góða hrynjandi.“ Einnig voru nefnd þau sjónarmið: að þátttaka væri vinnuvenja í skólanum; að nemendum fyndist þetta spennandi; að það sé skemmtilegt að keppa í öðru en íþróttum; að þátttakan hjálpi kennar- anum í kennslu og nemendum að lesa betur upp.

Viðmælendur sögðu að yfirleitt stjórnaði hefð þátttöku skóla í Stóru upplestrar- keppninni. Einungis einn kennari sagði að þátttakan væri komin formlega í námskrá skólans. Í einu tilviki ákvað skólastjórnandi þátttökuna en í öðrum tilfellum leiddi samræða skólastjórnanda og kennara til ákvörðunar um þátttöku eða kennarar væru sjálfráða um aðild.

Stóra upplestrarkeppnin skiptist í tvo þætti, ræktunarhluta og keppnishluta. Spurt var um þátttöku nemenda í hvorum þætti fyrir sig. Eins og sést á mynd 5 gátu kennarar valið á milli svarmöguleikanna: allir, flestir, helmingur, nokkrir/fáir.



Mynd 5 : Fjöldi nemenda sem tekur þátt í ræktunarhluta og keppnishluta Stóru upplestrarkeppninnar innan hvers skóla.

Af 95 skólum svöruðu 92 skólar spurningum um þátttöku nemenda í ræktunarhlutanum og 93 skólar svöruðu til um þátttöku í keppnishlutanum. Fram kom að í 94% skólanna tóku allir nemendur þátt í ræktunarhlutanum, í 5% skólanna tóku flestir nemendur þátt í þeim hluta og í einum skóla voru einungis fáir sem hlutu kennslu og þjálfun.

Þátttaka nemenda var nokkru minni ef litið er á keppnishlutann. Í tæplega þremur fjórðu skólunna tóku allir nemendur þátt í þeim hluta og í 14% skólanna tóku flestir nemendur þátt. Í 14% skólanna tók helmingur nemenda eða færri þátt í keppnishlutanum.

Spurt var um hvernig nemendur væru valdir til þátttöku í keppnishlutanum. Í 76% skólanna kepptu allir nemendur um sæti bestu upplesara. Í 11% skólanna var það einungis hluti nemenda í hverri bekkjardeild sem tók þátt í keppnishlutanum. 14% skólanna svöruðu ekki spurningunni. Spurt var einnig um hvernig væri háttað með sigurvegara úr hverri bekkjardeild innan skóla, hvort þeir hefðu allir jafna möguleika á að verða fulltrúar í lokahátíð á svæðinu. Einungis rúm 40%

skóla svöruðu þessari spurningu og kváðu svo vera. Tveir skólar tjáðu sig sérstaklega um þessa spurningu. Í öðrum þeirra völdu nemendur hvort þeir tækju þátt í keppnishlutanum. Í hinum skólanum var dæmi um að fyrirfram hafi verið ákveðið hvaða nemendur yrðu fulltrúar skólans í héraðshátíð en í þeim skóla voru nemendur í 7. bekk yfirleitt einungis einn eða tveir.

Í viðtölunum við kennara var sérstaklega spurst fyrir um þátttöku þeirra nemenda sem ættu við lestrarvanda að etja. Vandinn gat tengst seinlæsi, lesihömlun eða nemendum af erlendu bergi. Kennarar voru sammála um að nemendur með lestrarvanda þyrftu að hafa mun meira fyrir góðri frammistöðu í upplestri en aðrir. Í flestum tilfellum voru nemendur með lestrarvanda þátttakendur í ræktunarhlutanum en höfðu val um þátttöku í keppnishlutanum. Það höfðu yfirleitt aðrir nemendur einnig. Rúmur þriðjungur kennara sagði að nemendur með lestrarvanda hefðu komist í úrslit innan skólans og jafnvel unnið lokakeppnina. Svar eins kennara skar sig úr hvað varðaði nemendur með lestrarvanda. Hjá honum voru einungis sex nemendur í 7. bekk og vegna lesblindu flestra nemendanna taldi hann engan þeirra geta tekið þátt í keppninni þetta árið.

Nemendur voru spurðir um stöðu þeirra sem eiga við lestrarvanda að etja og hvort þeir ættu að taka þátt í Stóru upplestrarkeppninni. Þeir nemendur sem höfðu skoðun á þessu töldu að það væri mikilvægt að allir væru með, líka þeir sem væru lesblindir. Einn nemandinn sagði dæmi af stelpu sem hefði í fyrstu ekki þorað að lesa fyrir allan bekkinn. Henni hefði farið rosalega mikið fram og hefði nærri verið komin í úrslit. Einn nemandinn sagðist vera með lesblindu og honum fyndist allt í lagi að vera með.

Tveir fámennir skólar sendu inn athugasemdir með spurningalistakönnuninni. Öðrum þeirra fannst erfitt að taka afstöðu til spurningalistans þar sem einungis tveir nemendur voru í 7. bekk. Hinn vildi koma á framfæri að það væri gaman að vera með í keppnishlutanum en vegna fámennis ættu nemendur þess skóla minni möguleika en aðrir á að vinna til verðlaunasætis.

4. 3 Viðhorf til Stóru upplestrarkeppninnar

Spurt var um álit á Stóru upplestrarkeppninni í viðtölum við kennara, nemendur, fulltrúa á skólaskrifstofum og foreldra.

Í viðtölum við kennara kom fram að langflestir voru fylgjandi þátttöku í verkefninu. Þeir notuðu orð eins og *mjög gott, til góðs, stórgott, góð keppni, mjög jákvæð, mjög hrifin af þessu og reglulega skemmtilegt verkefni*. Kennarar nefndu ýmsar ástæður fyrir jákvæðri afstöðu sinni. Flestir voru á því að upplestri og framsögn væru gerð betri skil en ella fyrir tilstilli verkefnisins. Annar kennari sagði keppnina vera ómissandi þátt í íslenskukennslunni. Kennarar töldu yfirleitt að nemendur tækju verkefnið alvarlega, bæru virðingu fyrir því og fyndist gaman að taka þátt í því. Einn kennarinn ræddi þó um einstaka óframfærna nemendur sem ættu afar erfitt með að standa frammi fyrir bekk. Þessir nemendur, sem væru ekki endilega slakir í lestri, fyndu fyrir miklum þrýstingi en hefðu beðist undan að þurfa að lesa upp fyrir bekkinn. Í slíkum tilfellum hefðu nemendur æft sig eins og aðrir nemendur en lesið einungis upp fyrir kennarann.

Engin bein spurning var í könnuninni um afstöðu kennara til verkefnisins. Allnokkrar athugasemdir komu frá kennurum í þeirri könnun. Flestar voru hrós varðandi keppnina og hvatningarorð um að verkefninu yrði haldið áfram. Einn svarenda skrifaði: „Mikilvægt að halda henni áfram, hvort sem það verður skólaskrifstofa sem tæki við eða einhver annar.“ Dæmi um hvatningarorð voru: „Frábært framtak. Stóra upplestrarkeppnin er mjög þörf og má alls ekki leggjast af. Verðugt verkefni. Þessi keppni er stórskemmtileg og er góð tilbreyting og viðbót við skólastarfið.“

Meiri hluti nemenda var jákvæður í afstöðu sinni til Stóru upplestrarkeppninnar. Dæmi um svör nemenda voru: *Fín keppni, skemmtilegt, mjög fínt, sniðug viðbót við veturinn*. Nokkur hópur tjáði enga afstöðu til þess, hvorki jákvæða né neikvæða. Enginn nemandi lýsti sig beinlínis á móti Stóru upplestrarkeppninni. Einn þessara nemenda sagðist ekkert hafa lært að lesa betur á tímabilinu sem verkefnið stóð.

Báðir foreldrarnir sem rætt var við voru jákvæðir í garð verkefnisins. Þeir töldu að vegna þess hefðu börn þeirra farið að gefa góðum upplestri gaum.

Viðmælendur frá Skólaskrifstofum voru báðir mjög jákvæðir gagnvart verkefninu. Þeir töldu það styrk fyrir verkefnið að vera á landsvísu og því fylgdi sú aðstoð sem undirbúningsnefnd legði til.

Nemendur voru spurðir hvort þeir vildu sjá einhverjar breytingar á Stóru upplestrarkeppninni. Yfirleitt voru nemendur vel sáttir við verkefnið. Tveir hópar vildu fá meiri þjálfun en þeir fengu. Hjá fleiri en einum hópi kom fram að byrja ætti þessa þjálfun fyrir þegar nemendur eru yngri. Einn hópurinn vildi fá að velja hvort þeir færu í keppnina eða ekki og undirstrikuðu að þeir væru á móti peningaverðlaunum en það mætti verðlauna sigurvegara með bókaverðlaunum.

4. 4 Skipulag og framkvæmd

Í spurningalistanum var spurt um viðhorf til skipulags Stóru upplestrarkeppinnar eins og það hefur verið ákveðið af hálfu undirbúningsnefndar varðandi ræktunarhlutann og keppnishlutann.

Langflestir svarendur eða 91%, voru ánægðir eða mjög ánægðir með það skipulag sem undirbúningsnefndin leggur til varðandi ræktunarhlutann og töldu að það félli að hugmyndum þeirra um kennslu og þjálfun upplestrar og framburðar. 9% svarenda voru hlutlausir og enginn lýsti sig óánægðan með skipulag nefndarinnar varðandi ræktunarhlutann.

Þegar spurt var um afstöðu til keppnishluta verkefnisins var tekið fram að spurt væri um heildina, það er keppni í bekkjardeildum, skólakeppni og héraðskeppni. Hugmyndir undirbúningsnefndar um keppnishlutann féllu vel í geð 88% svarenda. 9% voru hlutlausir en 3% voru ekki sammála þessu skipulagi. Ekki var spurt sérstaklega hvað það var sem menn voru ósáttir við.

Segja má að allur þorri kennara sé vel sáttur við skipulag og umgjörð Stóru upplestrarkeppinnar. Þeir eru þó heldur sáttari við ræktunarhlutann en keppnishlutann.

Fram komu þrjár athugasemdir með spurningalistunum er sneru beint að skipulaginu. Þar kom fram það viðhorf að lokakeppni síðustu þriggja ára væri of löng, stæði yfir í fullar tvær klukkustundir. Í annarri athugasemd var bent á að þar sem um keppni væri að ræða þá ætti að senda fulltrúa úr skólum í réttu hlutfalli við fjölda nemenda í 7. bekk í hverjum skóla svo þeir eigi „jafna möguleika á að vinna til verðlauna“. Þriðji kennarinn taldi að það ætti að kynna verkefnið betur meðal almennings, einkum fjölskyldna nemenda. Það megi til dæmis gera með sjónvarpspáttum sem væru sýndir frá 16. nóvember til mars á hverjum vetri.

Í viðtölum kom fram að kennarar voru yfirleitt ánægðir með skipulag verkefnisins. Talað var um ágætis flæði frá því að auglýsingin kæmi að hausti og fram til lokahátíðar. Einn kennari vildi gera meira úr lokakeppninni og taldi gott ef verkefninu lyki hvern vetur með landskeppni. Annar kennari tók sérstaklega fram að hann vildi alls ekki að um landskeppni yrði að ræða. Aðrir viðmælendur vildu halda því skipulagi sem hefur verið og sumir töldu mikilvægt að gera ekki meira úr lokakeppninni en nú er. Einn viðmælandi taldi skipulag Stóru upplestrarkeppninnar vera of flókið og taldi of marga koma verkefninu. Þessi kennari vildi taka verkefnið heim í hérað og að skólarnir sæju sjálfir um skipulagið. Ekki væri nauðsynlegt að hafa samræmdan texta fyrir nemendur að lesa upp og skipuleggjandi ár hvert gæti verið skóli sigurvegarans frá árinu áður. Nokkrir kennarar töldu að draga myndi úr þjálfun í upplestri eða hún jafnvel detta út ef Stóru upplestrarkeppninnar nyti ekki við. Þrír kennarar töldu að skólarnir sjálfir eða skólaskrifstofur í héraði myndu standa að þessu verkefni ef undirbúningsnefndar nyti ekki lengur við.

Viðmælendur virtust allir sinna ræktunarhlutanum vel. Einn kennari taldi sig þó vita dæmi þess að engin þjálfun færi fram í sumum skólum og nemendur væru valdir án undangenginna æfinga til að þjálfra fyrir lokakeppnina. Til viðbótar lestri á sögum og ljóðum lásu nemendur í sumum skólum upp frumsamið efni. Tillaga kom fram um að texti í ræktunarhlutanum yrði samræmdur yfir landið. Sjá mætti fyrir sér að valið væri skáld mánaðarins og lesin ljóð og sögur eftir hann í öllum skólum landsins. Kennarar lögðu áherslu á hve mikilvægt það væri að nemendur æfðu sig heima fyrir upplestur í skólanum. Einn þeirra taldi mikilvægt að nemendur tækju lestur sinn upp á hljóðband og hlustuðu heima á sig lesa. Þetta væri þó vandkvæðum bundið þar sem fá heimili ættu orðið hljómtæki sem gætu spilað „kassettur“.

Blæbrigðamunur var á hvernig hagaði til með keppnishlutann í skólum. Að mati sumra kennara ýtti keppnishlutinn undir áhuga nemenda á að standa sig vel og skapaði hátíðarstemningu bæði í skólakeppni og lokahátíð í héraði. Fram kom í máli fleiri en eins kennara að keppnishlutinn skipti máli fyrir þá persónulega. Góð frammistaða nemenda væri mælikvarði á þeirra eigin frammistöðu. Einum kennara þótti keppnin vera liður í því að rjúfa einangrun kennara úti á landi eins og það var orðað.

Nefnt var að kennarar gætu fyllst ofurkappi og metnaður þeirra fyrir hönd nemenda sinna gæti gengið út í öfgar. Viðmælandi sagðist þekkja dæmi um slíkt. Yfirleitt voru valdir tveir nemendur úr hverjum skóla til að taka þátt í lokakeppni. Í einum skóla voru þessir tveir nemendur alltaf af sitt hvoru kyni, annars voru valdir þeir nemendur sem stóðu sig best að mati dómnefndar í skólanum. Í öðrum skóla var dómnefnd í skólakeppni alltaf skipuð aðilum úr samfélaginu sem ekki voru starfsmenn skólans. Sá kennari sem var einna mest gagnrýnn á keppnishlutann taldi þann hluta ekki nógu sýnilegan fyrir þorra nemenda. Undir lokin væri fyrst og fremst um einstaklingskeppni að ræða. Honum fannst mikilvægt að keppnishlutinn næði til sem flestra nemenda, bæði sem áhorfenda og þátttakenda.

Í viðtölum við nemendur kom fram að allur gangur virtist hafa verið á því hvort eða hve mikla þjálfun þeir fengu í ræktunarhlutanum. Hjá sumum var æft vikulega og jafnvel tvisvar í viku. Einn hópurinn sagðist hafa farið að æfa eftir áramótin og æft í tvær vikur fram að skólakeppni. Annar nemendahópur sagði að hver og einn hefði lesið tvisvar upp í bekknum, einn sögutexta og eitt ljóð. Nemendur og kennari gáfu upplæsurum stig. Þeir sem fengu flest stig fóru áfram í skólakeppnina. Í skólakeppninni í ár í þeim skóla var svo lítil tími til upplestrar að ekki komust allir að til að lesa. Þeir, sem komust í úrslit fyrir lokakeppnina, fengu þjálfun inn á bókasafni. Í einum skóla þar sem voru þrjár bekkjardeildir í 7. bekk var mikill munur á þjálfun sem nemendur fengu. Í einni deildinni sögðust nemendur hafa fengið eitt blað með texta og átt að æfa sig heima og koma daginn eftir og taka þátt í bekkjarkeppni. Þeir nemendur sem komust í úrslit fengu þjálfun. Nemendur í sama viðtalshópi frá öðrum deildum skólans höfðu fengið mun meiri þjálfun og lestur þeirra tekinn upp á myndband.

Nemendur voru spurðir sérstaklega út í keppnishlutann. Þeir voru flestir ánægðir með fyrirkomulagið. Einn nemandi vildi þó að fleiri nemendur gætu keppt á lokakeppninni í héraði. Einn viðmælendahópur skar sig úr varðandi viðhorf til keppnishlutans. Voru þeir sáttir við þjálfunina en töldu þetta ekki vera efni til að keppa í. Þess utan töldu þeir ekki rétt að vera að keppa til peningaverðlauna eins og tíðkaðist á lokahátíðinni. Þeir bentu einnig á að engin samskipti væru á milli nemenda á lokahátíðinni, þannig að hún ýtti ekki undir að þeir kynntust nemendum í öðrum skólum. Nemendur úr þessum bekk fóru í leikskólann í bæjarfélaginu og lásu fyrir börnin sögur.


Allir nemendur höfðu vitneskju um Stóru upplestrarkeppnina þegar í 6. bekk og vissu að þeir myndu taka þátt í verkefninu þegar kæmi í 7. bekk. Ýmist voru þeir í samkenndu og höfðu fylgst með eða verið þátttakendur í ræktunarhlutanum þegar þeir voru í 6. bekk. Dæmi voru einnig um að nemendur í 7. bekk höfðu heimsótt 6. bekk og lesið upp fyrir þá og algengt var að nemendum í 6. bekk væri boðið að hlusta á skólakeppnina.

Af viðtölum við fulltrúa skólaskrifstofa má ráða að þeir gegna mikilvægu hlutverki við undirbúning og framkvæmd lokakeppinnar í héraði. Annar þeirra stjórnaði hátíðinni en hinn fékk alltaf annan til að stjórna henni. Á meðan á undirbúningi hennar stóð ræddu þeir við fulltrúa í héraðsnefnd, höfðu samband við tónlistarskóla, útveguðu veitingar, sal, blóm, sendu út boðskort og annað sem til féll.

Annað foreldrið sem rætt var við vék sérstaklega að nýliðinni lokahátíð í héraði og sagðist hafa verið undrandi að sjá að dómnefnd skipuðu þrjár konur. Viðkomandi hefði viljað sjá karlmann í dómnefndinni. Meðal foreldra var rætt um að þrír drengir hefðu átt að vinna keppnina í stað tveggja drengja og einnar stúlku og setti spurningamerki við hvort hér giltu sjónarmið jákvæðrar mismununar. Annars var viðkomandi ánægður með lokahátíðina, fannst umgjörðin látlaus en um leið flott og var einnig ánægður með að bæjarstjórinn og fleiri starfsmenn bæjarins hefðu mætt.

Spurt var um í spurningalistanum hvernig skólar myndu bregðast við ef Stóra upplestrarkeppnin, sem stýrt er af undirbúningsnefnd, yrði lögð af. Svarmögu- leikar voru a) Skólinn myndir sjálfur viðhalda vinnubrögðum Stóru upplestrar- keppinnar. b) Skólinn myndi leggja áherslu á þjálfun og kenndu framburðar og

upplestrar. c) Skólinn myndi leggja af keppnishluta Stóru upplestrarkeppninnar og loks d) Þjálfun og kennsla framburðar og upplestrar myndi leggjast af sem sérstakt átak í 7. bekk. 84 skólarnir svöruðu þessari spurningu. Þeim var heimilt að merkja við fleiri en einn valkost af fjórum og sumir völdu að gera það. Enginn möguleikinn útilokar annan. 56 kennarar merktu við einn möguleika, 24 kennarar við tvo möguleika og 2 kennarar við þrjá möguleika og aðrir 2 við alla fjóra möguleikana. Á mynd 6 er prósentuleg samtala af svörum kennaranna.



Mynd 6 : Viðbrögð skóla varðandi sérstakt átak um bættu framsögn og upplestur ef Stóra upplestrarkeppninnar nyti ekki við.

Um 80% svarenda reiknuðu með því að áfram yrði ræktunarhlutinn inni eða jafnvel starfað í anda Stóru upplestrarkeppninnar. 21% kennara taldi að keppnisþátturinn myndi falla út og 30% kennara gerðu ráð fyrir því að upplestur myndi leggjast af sem sérstakt átak. Það svar þarf ekki endilega að skilja svo að þjálfun í framsögn og upplestri muni hætta í 7. bekk.

Í viðtölum við kennara var vikið að þessum þætti. Nokkrir kennarar töldu að draga myndi úr þjálfun í upplestri eða hún myndi jafnvel detta út ef Stóru upplestrarkeppninnar nyti ekki við. Þrír kennarar töldu að skólarnir sjálfir eða skólaskrifstofur í héraði myndu standa að þessu verkefni ef undirbúningsnefndar nyti ekki lengur við. Einn kennari orðaði það svo: „Ef þessi keppni væri ekki, þá myndi maður líklega ekki eyða eins miklum tíma í upplesturinn.“ Annar viðmælandi taldi skipulag Stóru upplestrarkeppninnar vera of flókið og fannst of

margir koma að verkefninu. Þessi kennari vildi taka verkefnið heim í hérað og skólarnir sjálfir sæju um skipulagið.


Einn viðmælandi frá skólaskrifstofu taldi að skrifstofan myndi halda áfram starfsemi í anda Stóru upplestrarkeppninnar, legðist hún af sem slík. Þó væri mikilvægt að lestexti yrði samræmdur um landið og því þyrfti að fá hann annars staðar frá. Hugsanlegt væri að verkefnið fjaraði út með tímanum. Hinn fulltrúinn taldi ekki ljóst hvort starfseminni yrði haldið áfram ef framkvæmdaraðila Stóru upplestrarkeppninnar nyti ekki lengur við. Það yrði að vera skólanefndar að taka ákvörðun þar um. Viðkomandi taldi þó líklegt að svo yrði ef kostnaði væri stillt í hóf.

4. 5 Stuðningur við framkvæmd í skólum

Undirbúningsnefnd er aðal stuðningsaðili við framkvæmd ræktunarhlutans og keppnishlutans. Hún leggur til skipulagið, býður upp á stuðningsfundi, sendir út handbók um framkvæmd verkefnisins og ýmis fleiri gögn sem gerð er grein fyrir framar í þessari skýrslu. Skólaskrifstofur eru einnig aðilar sem veita skólum stuðning í þessu efni.

Skólar voru spurðir um hve nýtileg gögn frá undirbúningsnefnd Stóru upplestrarkeppninnar væru varðandi ræktunarhlutann og keppnishlutann. Á mynd 7 kemur fram hversu sammála eða ósammála kennarar voru um þetta atriði.

Gögn sem fylgja Stóru upplestrarkeppninni



Mynd 7 : Afstaða kennara til nytsemi gagna frá undirbúningsnefnd varðandi ræktunarhluta og keppnishluta Stóru upplestrarkeppninnar.

91 skóli svaraði þessari spurningu. Af þeim voru 90% sammála eða mjög sammála því að handbókin og myndbandið, sem undirbúningsnefndin hefur látið gera, styðji vel við kennslu og þjálfun upplestrar og framburðar. 10% skóla tóku ekki afstöðu og lýstu sig hlutlaus en enginn var óánægður með gögnin. 93% voru sammála eða mjög sammála því að gögn tengd keppnishlutanum væru fullnægjandi. 4% voru hlutlaus en 2% fannst gögnin ekki vera fullnægjandi.

Sérstaklega var spurt um hvort leiðbeiningar í handbók um mat á frammistöðu nemenda væru gagnlegar. 92 skólar svöruðu spurningunni. Kennarar voru mjög sáttir við þessar leiðbeiningar því 93% voru sammála eða mjög sammála um gagnsemi leiðbeininganna. Enginn kennari lýsti yfir óánægju með leiðbeiningarnar en 7% kennara tóku ekki afstöðu.

Það kom fram í viðtölum við kennara að þeim fannst þeir misjafnlega vel í stakk búnir til að leiðsegja börnum um framburð og upplestur. Flestir töldu að vel væri stutt við bakið á þeim af hálfu undirbúningsnefndar með myndbandinu *Hátt og snjallt*, stuðningsfundum og handbók þar sem allt væri greinilega sett fram. Það sjónarmið kom einnig fram að styrkja mætti kennara betur og best væri að fá ráðgjafa inn í skólann. Einn viðmælandi hafði ekki kynnst myndbandinu. Annar var mjög ánægður með það en fannst handbókin ekki skila miklu. Sá kennari hafði farið á nokkur námskeið um upplestur og taldi sig þess vegna nokkuð vel

undirbúinn fyrir kennsluna. Annar kennari tók sérstaklega fram hve handbókin væri gagnleg. Einn kennari taldi að það mætti styrkja kennara betur varðandi formlegt mat inni í kennslustofunni.

Tveir kennarar tóku sérstaklega fram í viðtali hve skólaskrifstofur þeirra styddu vel við bakið á kennurum varðandi verkefnið. Einn kennari úti á landi sagði frá því að fulltrúi undirbúningsnefndar hefði komið í heimsókn í skólann. Hann var mjög ánægður með heimsóknina og taldi „frískandi“ að fá slíka heimsókn til að líta á það sem væri verið að gera í skólunum. Vikið var að stuðningsfundum sem fulltrúi undirbúningsnefndar hélt fyrir kennara í héraði. Einn kennari var ánægður með slíkan fund á meðan annar var ósáttur við fundinn og taldi vera farið í alltof mikla smámuni af hálfu fulltrúa undirbúningsnefndar. Þessi kennari var að öðru leyti ánægður með stuðning nefndarinnar. Einn kennari kallaði eftir hentugum matsblöðum.

Í viðtölum við fulltrúa á skólaskrifstofum kom fram að annar þeirra skráði þátttöku að hausti en skipti sér svo ekki af verkefninu fyrr en fór að draga að lokakeppni í héraði. Hinn fulltrúinn aftur á móti, hringdi eða send í tölvupóst reglulega til allra umsjónarmanna og kennara í skólum, hvatti þá til dáða, spurði fréttu um fyrirhugaða skóladagskrá 16. nóvember og svo framvegis.


4. 6 Áhrif Stóru upplestrarkeppninnar

Meginefni spurningalistans varðaði kennslu og áhrif verkefnisins á nemendur og starfið í skólum. 93 skólar af 95 svöruðu spurningu um hvort Stóra upplestrarkeppnin yki líkur á því að í skólum færi fram markviss þjálfun og kennsla í upplestri og framburði. Almennt sammæli var um að svo væri en 97% skóla voru sammála eða mjög sammála þessu.

Mikill meiri hluti (89%) þeirra 92 kennara sem svöruðu spurningalistanum, töldu sig vera vel eða mjög vel í stakk búna til að leiðbeina nemendum um framburð og upplestur. Enginn kennaranna taldi sig eiga í erfiðleikum með slíka kennslu

en 11% vildu ekki leggja dóm á eigin færni og merktu við möguleikann hlutlaus.

Kennarar voru ennfremur spurðir að því hvort þeim myndist að þátttaka í Stóru upplestrarkeppninni væri á kostnað annars tíma til náms og kennslu. Mynd 8 sýnir svör þeirra.




Mynd 8 : Afstaða til þess hvort Stóra upplestrarkeppnin tekur of mikinn tíma frá annarri kennslu kennara eða öðru námi nemenda.

93 skólar af 95 svöruðu þessum spurningum. Um 90% svarenda litu ekki svo á að þátttaka í Stóru upplestrarkeppninni væri á kostnað annarra verkefna í skólanum, hvorki er varðaði kennslu eða nám. 10% kennara tóku ekki afstöðu til þess hvort þátttakan væri á kostnað annarrar kennslu en 1% taldi svo vera. Um 7% kennara tóku ekki afstöðu til þess hvort þátttakan væri á kostnað annars náms kennara en 2% töldu að svo væri.

Spurt var um þann tíma sem kennarar töldu sig nota til að undirbúa kennslu í tengslum við Stóru upplestrarkeppnina. Á mynd 9 má sjá svör þeirra um undirbúningstíma.

Vikulegur undirbúningstími kennara




Mynd 9 : Vikulegur undirbúningstími kennara fyrir kennslu framburðar og upplestrar.

Vikulegur tími, sem kennarar notuðu til undirbúnings þessarar kennslu var að hámarki 2 klukkustundir á viku hjá 93% kennara. 41% kennara notuðu minna en 60 mínútur á viku til undirbúnings og 52% notuðu milli eina og tvær klukkustundir í undirbúning. 5% kennara notuðu þrjár til fjórar kennslustundir og 2% fimm klukkustundir eða meira á viku.

Aðalatriði þessarar könnunar snerist um það hvort markmið verkefnisins hefðu náðst, það er að vekja athygli og áhuga á vönduðum upplestri og framburði. Mynd 10 sýnir afstöðu kennara til þessarar spurningar.

Markmið Stóru upplestrarkeppninnar



Mynd 10 : Afstaða til þess hvort markmið Stóru upplestrarkeppninnar hafa náðst.

93 skólar svörðu spurningunni. 92% kennarar reyndust sammála (58%) eða mjög sammála (34%) því að markmiðin hefðu náðst en 8% tóku ekki afstöðu.

Jafnmargir eða 93 svörðu til um áhuga nemenda. 89% þeirra töldu að nemendur væru áhugasamir eða mjög áhugasamir um þátttöku í Stóru upplestrarkeppninni. 9% voru hlutlausir en 2% töldu að nemendur hefðu ekki áhuga á þessu verkefni. Ekki var spurt hvaða viðmið kennarar notuðu við að meta áhuga nemenda.

Í viðtölum var einnig vikið að áhrifum sem þátttaka í Stóru upplestrarkeppninni hefði á nemendur. Allir nefndu viðmælendur margvíslegar framfarir sem flestar tóku til markmiða Stóru upplestrarkeppninnar, það er að bæta upplestur og efla skýran framburð. Kennarar töldu að nemendur væru orðnir talsvert meðvitaðir um æskilegan líkamsburð, framsögn, raddbeitingu og túlkun og annað sem tilheyrði góðum upplestri og framsögn. Ennfremur fannst þeim að nemendur hefðu lært að vera betri hlustendur.


Flestir nemendanna, sem rætt var við, voru á því að þeim hefði farið fram í upplestri fyrir tilstilli Stóru upplestrarkeppninnar. Einn nemandahópur sagði: „Við vorum ekki von að lesa upp fyrir aðra. Fliss og því um líkt, sem var í haust, er alveg hætt núna. Okkur fór fram. Við erum orðnir góðir upplesarar.“ Þeir nefndu

atriði eins og blæbrigði og túlkun, að líta upp, að lesa hátt og hvernig þau báru sig, sem dæmi um það sem hefði batnað.

Annar viðmælandi frá skólaskrifstofum taldi af samræðum sínum við foreldra, nemendur og kennara að Stóra upplestrarkeppnin skilaði góðum árangri í upplestri og nefndi einnig að kennarar kæmu á hverjum vetri og segðu frá nemendum sem hefðu verið illa staddir félagslega eða í lestri en náð sér á strik í þessu verkefni. Þessi fulltrúi sagði að formlegt mat á árangri lægi ekki fyrir. Það sama sagði hinn fulltrúinn. Það vantaði allt mat á verkefninu og því ekki hægt að segja hverju það raunverulega skilaði. Þessi fulltrúi velti því fyrir sér hvort hann ætti að hafa meira samband út í skólana en raunin væri á til að fylgjast betur með gengi verkefnisins. Hann nefndi þó að skólar væru að vinna að margvíslegum og áhugaverðum verkefnum af öðru tagi og skólaskrifstofan væri ekki að fylgjast sérstaklega með þeim verkefnum.

Spurt var í könnuninni hvort Stóra upplestrarkeppnin hefði haft áhrif í fleiri bekkjum en 7. bekk. Eins og kemur fram á mynd 11 þá er ljóst að svo reyndist vera í 72% skólanna. Í 21% skólanna var ekki vitað hvort áhrifa gætti í öðrum árgöngum en í 7% skólanna gætti ekki áhrifa í öðrum bekkjum.

Áhrif Stóru upplestrarkeppninnar á starf í öðrum bekkjum




Mynd 11 : Áhrif Stóru upplestrarkeppninnar á starf í öðrum bekkjum.

Merkja mátti áhrif í skólum frá vinnubrögðum Stóru upplestrarkeppninnar í 4. til 10. bekk. Algengast var að áhrifanna gætti í 6. bekk en 65% allra svarenda í skólunum 95 sögðu að svo væri. Næst algengast var að áhrifanna gætti í 5. bekk og þar næst í 8. bekk. Ekki var spurt um hvers eðlis þessi áhrif voru.

Í viðtölum við kennarana 19 var einnig komið inn á hugsanleg áhrif Stóru upplestrarkeppninnar á starf í öðrum árgöngum. Að sögn 13 kennara var algengast að áhrifanna gætti í 6. bekk. Í sumum tilfellum var um samkenslu 6. og 7. bekkjar að ræða, í öðrum tilfellum hafði 6. bekk verið boðið í heimsókn til að hlusta á upplestur eða 7. bekkingar höfðu farið til þeirra og lesa upp. Það leiddi í sumum tilfellum til þess að kennarar í 6. bekk fóru að huga betur að upplestri og góðri framsögn í eigin kennslu. Í einum skóla buðu nemendur 7. bekkjar yngri bekkjum upp á sögulestur á meðan á ræktunarhlutanum stóð. Nemendur fóru tveir saman í einu til að lesa og aðstoðaði bókasafnskennari við val á hentugu lesefni. Eftir að lokakeppni lauk í héraði var slíkur lestur tekinn aftur upp fyrir yngstu nemendurna og lásu þá þeir nemendur sem höfðu komist í úrslit innan skólans fyrir yngstu nemendurna. Í öðrum skóla var sagt frá upplestraræfingum í öllum árgöngum á unglingsstigi og skólakeppni þar sem nemendur í 5., 6. og 7. bekk tóku þátt. Þriðjungur kennara, sem rætt var við, vissi ekki til þess að áhrifa af Stóru upplestrarkeppninni gætti í öðrum árgöngum í skólanum.

Talin var ástæða til þess að grennslast fyrir um hvort viðbótaráhrifa gætti hjá nemendum og rekja mætti til þátttöku í Stóru upplestrarkeppninni. Í spurningu um viðbótaráhrif var spurt sérstaklega hvort merkja mætti aukinn lestur nemenda, bætta lestrarfærni og aukið sjálfstraust í tengslum við Stóru upplestrarkeppnina. Svarmöguleikar voru mjög sammála, sammála, hlutlaus, ósammála og mjög ósammála. Mynd 12 sýnir viðhorf kennara til hugsanlegra viðbótaráhrifa Stóru upplestrarkeppninnar.

Viðbótaráhrif frá Stóru upplestrarkeppninni



Mynd 12 : Viðbótaráhrif á árangur nemenda í 7. bekk vegna þátttöku í Stóru upplestrarkeppninni.

Af 93 svarendum töldu 68% að Stóra upplestrarkeppnin hefði leitt til aukins lestrar. Tæpur þriðjungur tók ekki afstöðu en 3% voru mjög ósammála því að þátttakan leiddi til þess að nemendur læsu meira en áður. 85% kennara töldu að verkefnið hefði leitt til bættrar lestrarfærni og 100% þeirra (92) sem tóku afstöðu töldu að sjálfstraust nemenda hefði eflst við þátttöku í verkefninu. Fjöldi svarenda var 93 varðandi aukinn lestur og bættan lestur en 92 varðandi sjálfstraust. Þótt skeiki um einn eru upplýsingarnar settar saman í mynd 12.

Í viðtölum voru kennarar sérstaklega spurðir að því hvort þátttakan hefði eflt framfarir í lestri að einhverju leyti. Svör þeirra skiptust alveg í tvö horn. Átta kennarar álitu að nemendum hefði farið fram í lestri á einn eða annan hátt fyrir tilstilli Stóru upplestrarkeppninnar. Nefnd voru atriði eins og aukið lestraröryggi, aukinn lestur hjá sumum nemendum og meiri áhugi fyrir lestri. Einn kennari taldi að þátttaka í verkefninu styrkti sérstaklega nemendur með leshömlun. Ennfremur var nefnt að nemendur hefðu fengið betri skilning á góðum upplestri. Þeir hefðu einnig í gegnum þessa kennslu kynnst textum sem þeir þekktu ekki áður. Sjö kennarar gátu ekki merkt aukinn lestur eða bættan lestur, né heldur aukinn lestraráhuga almennt séð í tengslum við þátttöku í Stóru upplestrarkeppninni. Einn þessara kennara sagði að verkefnið hefði ekki sömu áhrif og lestrarátak sem skólinn hafði staðið fyrir.

Það kom fram í viðtölum við nemendur að þrátt fyrir góða vitund þeirra um eigin framfarir varðandi framsögn og upplestur voru allir utan einn sammála um að enginn þeirra hefði farið að lesa meira vegna þátttöku í Stóru upplestrarkeppninni. Ein stelpa sagðist áður hafa verið mjög feimin við að koma upp en nú langaði hana til að lesa meira upphátt en áður fyrir aðra. Í hennar hópi kom fram að nemendur væru jákvæðari að lesa þegar þeir ættu að lesa upphátt efni til dæmis í raungreinatímum. Tekið var fram að nemendur hefðu einnig lært að hlusta betur á aðra. Nokkrir nemendur sögðu að þátttakan hefði engu breytt fyrir þá hvorki varðandi lestur né annað.

Kennarar voru einnig spurðir í viðtölum um hvort merkja hefði mátt áhrif Stóru upplestrarkeppninnar á aðra þætti en lesturinn hjá nemendum. Einn kennari sagði að viðbótaráhrif hefðu mátt vera meiri miðað við það fjármagn og tíma sem færi í verkefnið en meirihluti kennara taldi sig geta nefnt viðbótaráhrif og nefndi stórlega aukið sjálfstraust og sjálfstöryggi. Hér á eftir fara þrjú dæmi frá kennurum:

„Strákur, sem hefur ekki mikinn áhuga á námi, var mjög neikvæður. Hann er það ekki lengur. Hann er nú að segja manni frá því að mamma hans sé að hlusta á hann heima og segja honum til. Maður finnur framfarirnar mjög sterkt.”

„Ég er búin að sjá tvær stelpur blómstra félagslega því þær eru búnar að skora svo vel í þessu. Það er búið að velja þær fyrir hönd skólans til að keppa. Það er alveg nýtt í þeirra lífi. Þær eru óhræddari við að vera í ýmsu.”

„Ein af þeim, sem komst í undanúrslit, var ein af þeim með minnsta hjartað. Það var sigur lífs hennar.”

Hjá nokkrum kennurum kom fram í samræðum að þátttaka í Stóru upplestrarkeppninni efldi ekki einungis sjálfstraust nemenda heldur væru áhrifin víðtækari og tækju til lífsleikni nemenda og þroskaði þá. „Þetta er þjúra lífsleikni”, eins og einn kennarinn orðaði það. Annar tók fram að málið væri ekki bara tjáskiptatæki heldur samskiptatæki og verkefnið efldi samskipti nemenda. Sex kennarar töldu að nemendur væru ekki eins feimnir við að tjá sig almennt, þeim fyndist þeir kunna að tala fyrir framan hóp og þora oftast að segja það sem þeim fyndist. Einn þessara kennara sagði að það væri stíll skólans að krakkarnir kæmu oft upp fram fyrir aðra svo erfitt væri að meta hvað tengdist Stóru upplestrarkeppninni og hvað ekki. Einn af þessum kennurum sagði að allir í 5. – 7. bekk væru með í ræktunarhlutanum. Það væri vegna þess að „flestir þurfa að standa upp í lífinu og segja eitthvað”.

Önnur áhrif sem stöku kennarar nefndu voru upplestur nemenda í 7. bekk utan skólans. Í einum skóla tíðkast það að frumkvæði skólans að nemendur fara á leikskólann og elliheimilið til að lesa upp fyrir þá sem þar eru. Hvort tveggja hefur gefist vel en framtakinu var „óskaplega vel tekið á elliheimilinu.“

Í viðræðum við nemendur var vikið að sjálfstrausti þeirra. Þeir voru langflestir á því að þátttakan hefði eftir sjálfstraust þeirra, þeir væru ekki eins feimnir og áður og fyndu fyrir því að þeir þyrðu meira nú en í haust. Gera má ráð fyrir að aukið sjálfstraust hafi verið til umræðu í sumum bekkjunum eins og eftirfarandi dæmi sýna:

„Þetta hefur ekkert hjálpað okkur til að þora að segja það sem okkur finnst. Þeir sem hafa ekkert sjálfstraust komast ekkert áfram í lífinu.“

„Það er mikilvægt að læra að koma fram, þá verður maður betri þegar maður er orðinn fullorðinn.“

Kennarar voru beðnir um að taka afstöðu til þess hvort ytri aðilar sem stóðu nærri skólanum hefðu sýnt Stóru upplestrarkeppninni áhuga. Spurt var um áhuga foreldra, skólaskrifstofu og/eða skólafulltrúa og áhuga skólanefnda.


Að mati kennara höfðu skólaskrifstofur og/eða skólafulltrúar sýnt áhuga á þátttöku skólans í Stóru upplestrarkeppninni. Rúmlega helmingur kennara (56%) taldi foreldra vera áhugsama um verkefnið og 32% kennara töldu að skólanefndir hefðu sýnt verkefninu áhuga. Einn skóli tók fram að hvorki væri skólaskrifstofa né skólafulltrúi starfandi á vegum sveitarfélagsins.

Í athugasemdum með spurningalistunum tjáðu ellefu kennarar sig um áhrif Stóru upplestrarkeppninnar. Allar athugasemdir voru jákvæðar. Flestir lögðu áherslu á að þátttaka nemenda efldi sjálfstæði þeirra og sjálfsöryggi og hjálpaði þeim að koma fram fyrir aðra og lesa eða tjá sig. Einnig kom fram að Stóra upplestrarkeppnin stuðlaði að auknu menningarstarfi í skólum þar sem nemendur kæmu fram og læsu upp, syngju og spiluðu á hljóðfæri. Í tveimur athugasemdum kom fram að kennarar töldu verkefnið vera gefandi fyrir sig og vekja sig til vitundar um mikilvægi upplestrar. Nefnt var að verkefnið hefði hvetjandi áhrif á nemendur í 5. og 6. bekk hvað varðaði góðan upplestur. Einn kennari skrifaði eftirfarandi: „Á þeim þremur árum sem keppnin hefur verið haldin á mínu skólaþjónustusvæði hefur upplestur þátttakenda á lokahátíð gerbreyst. Það er orðinn

greinilegur metnaður í gangi og frábært að fylgjast með þeim vandaða upplestri sem þar fer orðið fram.”

4.7 Mat skóla á Stóru upplestrarkeppninni


Mikilvægt þótti að fá fram hvernig skólar færu að því að meta árangur af verkefni á borð við Stóru upplestrarkeppnina. Í spurningalistakönnuninni var spurt um hvernig leiðbeiningar í handbók keppinnar nýttust við mat á árangri nemenda og ennfremur hvort árangur nemenda í tengslum við verkefnið væri metinn á formlegan hátt og ef svo með hvaða hætti matið færi fram. Mynd 13 sýnir afstöðu kennara til gagna frá undirbúningsnefnd.



Mynd 13 : Mat kennara á gagnsemi leiðbeininga í Handbók um mat á árangri nemenda.

Kennarar í 92 skólum af 95 svöruðu þessari spurningu. 94% þeirra töldu sig sammála eða mjög sammála um gagnsemi leiðbeininga um mat á árangri nemenda sem koma fram í handbók um verkefnið.

Þrátt fyrir þessar leiðbeiningar voru einungis 4 kennarar af 91 svarendum sem sögðu að skólinn mæti á formlegan hátt áhrif Stóru upplestrarkeppninnar á nemendur. Í spurningunni voru gefnir sex valkostir, sjá mynd 14.



Mynd 14 : Leiðir fyrir formlegt mat á árangri nemenda í tengslum við Stóru upplestrarkeppnina.

Kennararnir fjórir nefndu fimm leiðir sem farnar voru við að meta árangur nemenda. Ekki var spurt um framfarir heldur eingöngu leiðirnar við að meta. Einn skóli bar saman tvo þætti, lesskilning og leshraða, fyrir og eftir keppnina. Annar skóli mat framsögnina í upphafi og lok keppni en lýsti ekki hvernig matið fór fram. Þriðji skólinn fann greinilegan mun á frammistöðu nemenda fyrir og eftir varðandi frammistöðu á árshátíðum og öðrum slíkum samkomum. Fjórði skólinn lýsti hvernig nemendur, eftir þátttökuna, kæmu að eigin frumkvæði fram í samverustundum og læsu fyrir nemendur. Af lýsingu tveggja síðustu leiðanna má velta því fyrir sér hvort skólinn hafi staðið á þennan hátt fyrir formlegu mati eða hvort breytt frammistaða barnanna var til þess að kennarar sáu framfarir sem átt höfðu sér stað.

Þar sem mjög fáir kennarar svöruðu einhverju til um mat í könnuninni þótti ástæða til að ræða þann þátt ítarlega í viðtölum við þá. Þeir voru spurðir hvernig þeir stæðu að mati á árangri nemenda í Stóru upplestrarkeppninni. Allir viðmælendur notuðu leiðsagnarmat á meðan á ræktunarhlutanum stóð. Það fór fram með mismunandi móti. Nemendur fengu endurgjöf munnlega eða

athugasemdir skrifaðar á blað sem þeir fengu við lok upplestrar. Í sumum tilfellum var um hvoru tveggja að ræða. Um helmingur kennara sagði nemendur vera virka þátttakendur í jafningjamati. Nokkrir kennarar tóku upplestur nemenda á myndband. Tæpur helmingur viðmælenda (7 kennarar af 19) hélt nokkuð formlega skráningu. Sumir höfðu búið til gátlista með skala til að skrá inn frammistöðu nemenda. Vísað var einnig til matsblaða frá undirbúningsnefnd en gott væri að fá yrðingu vegna fyrirgjafar með þeim blöðum.

Þrír kennarar lýstu vönduðu mati. Einn þeirra sagðist halda skráningu frá upphafi tímabilsins um hvernig nemendum vegnaði. Þessi kennari hafði þróað eigin lista til að merkja inn á. Hjá honum var einnig um jafningjamat að ræða meðal nemenda. Annar kennari sagðist gefa stig fyrir frammistöðu. Hann tók fyrir eitt atriði í einu í þjálfuninni t.d. hvernig nemandinn stæði upp úr sæti sínu og gengi að púltinu og gaf stig fyrir það. „Svo tek ég fyrir næsta atriði og leiði þau þannig að heildinni,” sagði þessi kennari. Hann geymdi glósurar yfir veturinn og gat því séð þróunina hjá hverjum og einum nemanda. Þriðji kennarinn sagðist skrá vikulega frammistöðu barnanna, hann notaði orð og setningar og mat reglulega hvort um framfarir hefði verið að ræða.

Viðmælendur voru flestir spurðir að því hvort vinnu og árangurs nemenda í Stóru upplestrarkeppninni gætti í skólaeinkunn til dæmis við lok 7. bekkjar. Í einum skólanna var það gert. Fram kom að kennarar höfðu ekki leitt hugann að því að fella frammistöðu nemenda í Stóru upplestrarkeppninni inn í skólaeinkunn en töldu rétt að huga að því. Í sumum skólanna voru framsagnarpróf að vori og mætti gera ráð fyrir að árangurinn skilaði sér þar. Einn kennarinn sagði að fyrir tilkomu Stóru upplestrarkeppinnar hefðu einungis þeir nemendur sem hefðu náð 8.0 í lestrareinkunn farið í samræmd próf en nú orðið færu allir nemendur í 7. bekk í slíkt próf að vori.

5. Umræða

Verkefnið Stóra upplestrarkeppnin hófst haustið 1996 í fimm skólum. Það hefur verið starfrækt árlega síðan og frá og með haustinu 2003 hefur öllum skólum á landinu sem starfrækja 7. bekk gefist kostur á að vera þátttakendur í verkefninu. Tæp 90% skóla (151 af 171 skólum) völdu að taka þátt í verkefninu síðast liðið haust.

Nær allir þáttökuskólar taka þátt í Stóru upplestrarkeppninni vegna þess að þeir telja að nemendum muni fara fram í framburði og upplestri (96%), sjálfstraust þeirra muni eflast (96%) og lestrarfærni muni batna (92%). Ennfremur álitur meirihluti skólanna (66%) að þátttakan muni leiða til aukins lestrar hjá nemendum. Meginmarkmið Stóru upplestrarkeppninnar beinast að því að efla framburð og framsögn. Af öllum gögnum má ætla að þessi markmið hafi náðst í þeim skólum þar sem staðið er vel að ræktunarhlutanum. Ljóst er af viðtölum við nemendur að þeir hafa tileinkað sér sértækan orðaforða sem tengist skýrum framburði og góðum upplestri. Þeir nota hugtök eins og *túlkun*, *blæbrigði*, *æskilegur líkamsburður*, *raddbeiting* og fleira í þeim dúr.

Í svörum við spurningalista kom sú yfirgnæfandi skoðun að lestrarfærni nemenda efldist við þáttökuna og að nemendur færu að lesa meira. Í viðtölum við nemendur, kennara og foreldra fæst ekki staðfesting á þessum væntingum skóla. Sárafá dæmi eru nefnd um aukinn eða bættan lestur og nemendur segjast yfirleitt ekki hafa fengið sér fleiri bækur til að lesa eða þeim hafi farið sérstaklega fram í lestri. Hins vegar kemur fram í annarri könnun um Stóru upplestrarkeppnina (Kristborg Bóel Steindórsdóttir 2002:22) að meiri hluti kennara fannst verkefnið auka áhuga nemenda á íslensku. Í viðtali við Baldur Sigurðsson (Rósa Eggertsdóttir 2004a) kom fram að skýr framburður styddi við réttitun. Í matinu voru kennarar ekki spurðir sérstaklega um þetta atriði en engar slíkar ábendingar komu fram þegar spurt var um viðbótaráhrif verkefnisins.

Það er ekki yfirlýst markmið Stóru upplestrarkeppninnar að auka sjálfstraust nemenda. Sú hefur hins vegar orðið raunin. Nær öll gögn matsins staðfesta að

svo sé, þar á meðal 100% þeirra kennara sem svöruðu spurningunni í könnuninni. Fram kemur í viðtölum að nemendur telja að sjálfstraust þeirra hafi aukist, sem og foreldrar, kennarar, fulltrúar frá skólaskrifstofu og framkvæmdaraðilar. Sögð voru ýmis dæmi sem styðja þessa fullyrðingu (sjá bls. 44 - 45). Í lokaritgerð til B.Ed. prófs (Kristborg Bóel Steinsdórsdóttir 2002:23) svara kennarar á sama veg og telja að sjálfstraust nemenda hafi aukist vegna þátttöku í verkefninu. Að þessu leyti styður Stóra upplestrarkeppnin við ákvæði almenna hluta *Aðalnámskrár grunnskóla* (1999:15) þar sem kveðið er á um að efla beri með nemendum sjálfstraust.

Þriðjungur kennara segir í viðtölum að þátttaka í Stóru upplestrarkeppninni hafi þau áhrif að nemendur séu ekki eins feimnir að tjá sig almennt og þori oftast að segja það sem þeim finnst. Nemendur eru ekki eins meðvitaðir um þetta en telja flestir að sjálfstraust þeirra hafi eflist við þátttökuna.

Að mati höfunda þessarar skýrslu er þetta ein athyglisverðasta niðurstaða matsins. Ef verkefni í skólastarfi, hvert sem það er, hefur þau áhrif að nemendum vex ásmegin og þeir þora að tjá skoðanir sínar í auknum mæli, þá má leiða að því líkur að Stóra upplestrarkeppnin, þegar best tekst til, styðji við lýðræðið.

Í *Aðalnámskrá grunnskóla* (Íslenska 1999) er kveðið á um að þjálfa með nemendum á öllum aldri skýra framsögn og áheyrilegan upplestur. Þar segir í þrepamarkmiði fyrir nemendur í 1. bekk að þeir eigi að fá tækifæri til að endursegja eða lesa eigin sögur og ljóð upphátt fyrir bekkjarfélaga sína og hvetja eigi þá til að tala skýrt og áheyrilega (1999:30). Þessa áherslu aðalnámskrár má sjá sem rauðan þráð upp allan grunnskólann.

Skólar hafa vafalaust haft ýmsar leiðir við að sinna þessu ákvæði aðalnámskrár en ekki er vitað með vissu hvernig kennslunni hefur verið háttað í skólum né hversu umfangsmikil hún hefur verið. Gögn, sem hér eru kynnt frá kennurum, nemendum, foreldrum, fulltrúum á skólaskrifstofum og framkvæmdaraðilum Stóru upplestrarkeppninnar, benda til þess að fyrir tíma keppninnar kunni kennslan að hafa verið stopul og lítil. Þessi ályktun er fyrst og fremst dregin af því samdóma áliti viðmælenda að árangur nemenda í 7. bekk, sem taka þátt í Stóru upplestrarkeppninni, er mikill hvað varðar upplestur og framsögn við

upplestur. Þessi mikli árangur nemenda gefur ástæðu til að ætla að þjálfun upplestrar sé lítil áður en kemur í 7. bekk.

Reyndar segir meirihluti þátttökuskólanna (72%) að vinnubragða Stóru upplestrarkeppninnar gæti í fleiri bekkjum en 7. bekk. Áhrifanna gætir að sögn kennara í 4. til 10 bekk en ríkust eru áhrifin í 6. bekk (65% skóla) og þar næst í 5. bekk (35% skóla). Kenning Baldurs Sigurðssonar (Rósa Eggertsdóttir 2004a) er sú að þeir kennarar, sem kennt hafa í 7. bekk og annað hvort fylgja nemendum áfram upp á unglíngastig eða fara að kenna 5. bekk ári síðar, nýti sér reynslu sína af Stóru upplestrarkeppninni áfram með nemendum sínum og þá fyrst og fremst ræktunarhlutann. Þetta staðfesti einn kennari í viðtali. Hann sagðist myndi verða áfram með nemendum sína í 8. bekk næsta vetur og halda áfram þessu starfi þar. Í viðtali við Ingibjörgu Einarsdóttur (Rósa Eggertsdóttir 2004b) kom fram að kennarar í 1. og 2. bekk hafi sótt námskeið hjá henni í framsögn og framburði.

Hinn mikli árangur í 7. bekk segir að markviss umgjörð og fast skipulag er líklegt til að auka árangur nemenda. Til að efla framsögn og upplestur í yngri bekkjum þarf að koma á átaki eða áfanga sem hefur skýrari umgjörð en nú er.

Svo virðist sem tilkoma Stóru upplestrarkeppninnar og sá stuðningur sem kennarar eiga vísan frá undirbúningsnefnd hafi aukið öryggi kennara við að taka markvisst á þessari kennslu. Í spurningalistakönnuninni kom fram að um 90% kennara töldu sig vel í stakk búna til að leiðbeina nemendum um framburð og upplestur. Viðtöl við kennara endurspegluðu meira óöryggi á þessu sviði en fram kom í svörum við spurningalistanum. Langflestum kennurum finnst að stuðningur frá undirbúningsnefndinni sé gagnlegur. Þeir nefna máli sínu til stuðnings bæði handbókina *Upplestrarkeppni í grunnskóla* og myndbandið *Hátt og snjallt*. Einnig telja þeir gagnlega fræðslufundi og samráðsfundi sem hafa verið haldnir af undirbúningsnefnd. Meiri hluti nemenda telur að honum hafi farið verulega fram við að lesa upphátt á meðan á verkefninu stóð og undir það taka þeir tveir foreldrar sem rætt var við.

Skipulag það sem undirbúningsnefnd Stóru upplestrarkeppninnar leggur til gengur í meginráttum eftir og eru langflestir kennarar ánægðir með það. Heldur meiri ánægja er með ræktunarhlutann en keppnishlutann og flestir þeir sem tjá sig um það vilja ekki gera meira úr keppnishlutanum en nú er. Þeir kennarar

sem rætt var við í viðtölum virðast allir sinna ræktunarhlutanum vel en sumir þekkja dæmi þar sem nemendur fá litla sem enga æfingu fyrir skólakeppni eða þá að ræktunarhlutinn standi mjög stutt yfir. Frásagnir nemenda styðja þessar frásagnir. Sumir þeirra fengu tíðar æfingar yfir nokkra mánuði á meðan aðrir fengu litla sem enga þjálfun. Þar sem svo háttaði þá fengu þeir nemendur þjálfun sem valdir höfðu verið sem fulltrúar skóla í lokakeppni í héraði. Þátttaka í Stóru upplestrarkeppninni virðist auka verulega líkur á að nemendur almennt í 7. bekk fái leiðbeiningu um upplestur og framsögn en hún tryggir ekki slíka þjálfun.

Framkvæmdaraðilar Stóru upplestrarkeppninnar hafa frá upphafi lagt á það áherslu að kennarar ráði sjálfir hvort þeir og nemendur þeirra taki þátt í verkefninu. Rökin hníga að því að reikna megi með jákvæðara hugarfari kennarar ef þeir sjálfir hafa tekið ákvörðun um þátttöku. Framkvæmdaraðilar telja það samt kost að fá ákvæði um þátttöku inn í námskrá skóla því það tryggi betur jafnræði nemenda og mikilvægt sé að þeir eigi allir sama kost.

Reyndin er sú að í rúmlega 80% skóla er þátttakan annað hvort bundin í stefnu skólans eða skólastjóri tekur ákvörðun um þátttöku. Kennarar hafa því á fæstum stöðum val um þátttöku. Ekki liggur fyrir hvernig er háttað með aðferðafrelsi kennara almennt séð í kennslu en varðandi þátttöku í Stóru upplestrarkeppninni reyndust einungis 17% kennara geta sjálfst ráðið um þátttöku. Þótt þetta hlutfall sé lágt verður ekki séð af svörum við spurningalista eða af viðtölum við kennara annað en að þeir séu mjög sáttir við að taka þátt í verkefninu. Afstaða nemenda var einnig jákvæð. Yfirleitt voru þeir skyldaðir til þátttöku í ræktunarhlutanum en gátu frekar valið um þátttöku í keppnishlutanum. Segja má að þeir nemendur, sem fengu litla þjálfun, hefðu viljað fá fleiri tækifæri og betri leiðsögn.

Veikasti hlekkur Stóru upplestrarkeppninnar er matsþátturinn. Um það eru allir aðilar sammála, hvort heldur sem rætt er við framkvæmdaraðila, fulltrúa skólaskrifstofa eða kennara. Í handbók, sem fer til skóla frá undirbúningsnefnd, er minnst á sjö þætti sem æskilegt er að komi til mats. Um þessa þætti er lítillega fjallað hvern fyrir sig og er að finna þar leiðbeinandi lýsingar á æskilegri frammistöðu. Flestir kennarar (94%) eru ánægðir með þessar leiðbeiningar um mat frá undirbúningsnefndinni en einungis 4% skólanna reynast meta árangur nemenda á formlegan hátt. Skólar meta ekki hvort útlán af skólabókasafni hafa aukist, né taka viðtöl við nemendur til að skrá viðhorf þeirra um árangur. Einungis einn skóli ber saman lesskilning og leshraða fyrir og eftir keppnina. Í

viðtölum við kennara kom fram að þeir nota leiðsagnarmat í tímum, ýmist einir eða með jafningjamati nemenda. Þeir skrá á blað frammistöðu sem nemandi gjarnan tekur með sér eftir upplestur. Fæstir halda skráningu frá einni kennslustund til annarrar á meðan á ræktunarhlutanum stendur. Sumir kennarar hafa gátlista til að merkja við í hverjum tíma. Dæmi eru um að kennarar hafa tekið upp á myndband og/eða hljóðband frammistöðu nemenda til að bera saman á milli tímabila.

Formlegt námsmat verður að vera þannig úr garði gert að það sé raunhæft, einkum varðandi fyrirhöfn og tíma sem er til ráðstöfunar. Nokkrar leiðir virðast vera færar fyrir formlegt mat kennara og hafa sumar verið nefndar hér að framan af þátttakendum í rannsókninni, svo sem viðhorfakönnun meðal nemenda og fjöldi bóka í útlánnum af skólasafni. Til að meta upplesturinn sjálfan má benda á markmiðakvarða eða marklista (Ingvar Sigurgeirsson 1999) þar sem lýsandi yrðingar eru þegar fyrir hendi í stigskiptum kvarða. Matið verður í senn lýsandi, leiðbeinandi og formlegt (fylgiskjal 5).

Af viðtölum við kennara má sjá að Stóra upplestrarkeppnin lifir tiltölulega sjálfstæðu lífi. Hún virðist víðast vera álitin sérstakt verkefni og er ekki í sérstökum tengslum við annað sem er að gerast í skólanum. Í einu tilfalli var þó nefnt að nemendur læsu upp eigin ritsmíðar. Verkefnið hefur sitt upphaf, sem virðist vera í fyrsta lagi 16. nóvember ár hvert. Ræktunarhlutanum lýkur í janúar eða febrúar með skólakeppni. Þá tekur við þjálfun fárra nemenda fyrir lokakeppni en hún er haldin seint í febrúar eða í mars. Það er því svo að við lok ræktunarhlutans lýkur þátttöku meginþorra nemenda. Fæstir kennarar, sem rætt var við, halda áfram að þjálfa framsögn og upplestur eftir að ræktunarhlutanum lýkur.

Í sambandi við mat á árangri nemenda vekur athygli tengslaleysi verkefnisins við skólaeinkunn nemenda. Það er einungis einn kennari sem notar árangur nemenda í verkefninu sem hluta af skólaeinkunn. Í sumum skólum er framsagnarpróf í 7. bekk að vori og þá vænta kennarar að framfarir nemenda vegna þátttöku í Stóru upplestrarkeppninni skili sér þar. Í samræðum við kennara kemur fram að þeir hafa ekki velt þessum möguleika fyrir sér og eru jafnvel undrandi á að hafa ekki hugsað um þetta; telja þetta áhugavert og ætla að huga að því að tengja árangurinn inn í skólaeinkunn.

Stóra upplestrarkeppnin er líkan sem kemur utan frá. Hún hefur svipaða formgerð og stofnun eða félag. Skólum nánast útvegað flest sem þarf til að starfrækja hana. Það kemur fram að fyrir meiri hluta kennara er undirbúningur fyrir kennslu ekki tímafrekur. Í þremur skólum má greina áhugaverða þróun verkefnisins umfram það sem undirbúningsnefnd leggur til. Að frumkvæði eins skólans var skólaskrifstofan beðin um að hafa milligöngu um að bjóða leikskóla og elliheimi í sveitarfélaginu upp á upplestur nemenda í 7. bekk. Þetta gekk eftir og hefur mælst vel fyrir, einkanlega hjá eldra fólkinu. Í öðrum skóla hefur einnig verið upplestur fyrir börn á leikskólum. Í þriðja skólanum hafa nemendur í 7. bekk boðið nemendum í yngstu bekkjum skólans upp á lestur.

Stóra upplestrarkeppnin á sér stuðningsmenn innan skólanna, bæði meðal kennara og nemenda. Verkefnið hefur reynst farvegur fyrir ákvæði aðalnámskrár sem kennurum hefur að öðrum kosti þótt erfitt að mæta í kennslu. Vangaveltur hafa verið um framtíð þessa verkefnis njóti undirbúningsnefndar ekki við. Á sama tíma og ýmsir telja að skólaskrifstofur og einstakir skólar geti tekið verkefnið að sér, þá hallast menn að því að verkefnið fjari út í þeirri mynd sem það er nú. Hin samræmda umgjörð myndi hverfa, svo sem samræmdur texti og viðurkenningarskjöl og kennsla og hátíðir þróast í mismunandi áttir. Framkvæmdaraðilar telja það besta kostinn að Stóra upplestrarkeppnin haldi áfram í núverandi mynd. Þeir hafa þó velt fyrir sér öðrum möguleikum. Einn er til dæmis sá að starfrækja félag áhugamanna um upplestur sem hefði félagsdeildir út um land. Félagið hefði að markmiði að styðja við góðan upplestur og skýra framsögn í skólum. Önnur hugmynd er sú að ráðgjafahópur tæki við af undirbúningsnefnd. Hann myndi bjóða skólum til sölu þjónustu sem gæti tekið til ráðgjafar, námskeiða, handbókar og sérvalda lestexta fyrir lokakeppnir.

Spyrja má hvort ekki sé í góðu lagi að umgjörð Stóru upplestrarkeppninnar taki breytingum og skólar fari að greiða fyrir það sem áður hefur verið aflað með öðru móti. Hér er ekki tekin afstaða til þessa en á það bent að tilkoma Stóru upplestrarkeppninnar hefur eflt góðan upplestur hjá nemendum, og þeir náð árangri sem ekki var í hendi fyrir tíma verkefnisins. Á það er einnig bent að sammæli er um að fyrir tilstuðlan Stóru upplestrarkeppninnar hefur sjálfsöryggi nemenda aukist.

Markmið Stóru upplestrarkeppninnar eru þau að vekja athygli og áhuga í skólum á vönduðum upplestri og framburði (Baldur Sigurðsson 2001:6). Forystumenn

verkefnisins segja að reynslan hafi sýnt að verkefnið bæti lesskilning, auki virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum og sé hvetjandi fyrir nemendur með lestrarörðugleika.

Niðurstöður þessa mats er á þá leið að meginmarkmið Stóru upplestrarkeppninnar um að vekja athygli og áhuga í skólum á vönduðum upplestri hafi náðst. Það liggur hins vegar ekki fyrir hvort almennur framburður sé betri fyrir tilstuðlan verkefnisins en reikna má með að hann sé betri þegar nemendur lesa upp texta fyrir aðra. Það liggja fyrir gögn um að verkefnið sé til þess fallið að efla sjálfstraust nemenda. Erfitt er að draga þær ályktanir að verkefnið efli lestur, bæti lesskilning eða auki almennan lestur. Kennarar telja reyndar í spurningalistakönnuninni að lestur bæði aukist og batni en viðtöl við nemendur og kennara endurspeglar ekki svörin í könnunni. Hér er þó ekki útilokað að Stóra upplestrarkeppnin kunni að leiða til bætts læsis. Til að fá svar við því þyrfti annars konar mat en hér var um að ræða.

5.1 Samantekt og ályktanir

- Með nokkurri vissu má segja að fyrir tilstuðlan Stóru upplestrarkeppninnar er þjálfun og leiðsögn hvað varðar upplestur og framsögn mun meiri en ella hefði orðið. Þótt fjöldi skóla telji að áhrifa verkefnisins gæti í fleiri árgöngum grunnskólans, virðist nemendum ekki fara fram að þessu leyti fyrr en við þátttöku í Stóru upplestrarkeppninni.
- Sammæli er um að þátttaka í Stóru upplestrarkeppninni efli sjálfstraust nemenda í 7. bekk.
- Niðurstöður benda ekki sérstaklega til þess að þátttaka í Stóru upplestrarkeppninni bæti lestur nemenda, auki áhuga þeirra á íslensku né að þeir fari að lesa meira en áður.
- Talið er að merkja megi áhrif Stóru upplestrarkeppninnar í vinnubrögðum í 4. til 10. bekk. Þegar skoðuð eru hinar stórstígu framfarir sem verða hjá nemendum í 7. bekk, má álíta að áhrifin af verkefninu séu lítil í 4., 5. og 6. bekk.

- Sterkrar tilhneigingar gætir innan skóla til að líta á Stóru upplestrarkeppnina sem sjálfstætt verkefni án sérstakra tengsla við annað sem er að gerast í skólum. Það birtist einnig í því að frammistaða nemenda í verkefninu endurspeglast yfirleitt ekki í skólaeinkunn nemenda.
- Veikasti þáttur Stóru upplestrarkeppninnar er skortur á leiðum til að meta formlega árangur hjá nemendum. Fyrir vikið er hætt við að kennarar ýmist ofmeti eða vanmeti áhrif verkefna á borð við Stóru upplestrarkeppnina.
- Hverfi Stóra upplestrarkeppnin af sjónarsviðinu í þeirri mynd sem hún er nú, eða svipaðri mynd, eru líkur á að áhrif hennar dvíni þegar fram líða stundir og kennsla í framburði og framsögn dali.

6 Heimildir:

6.1 Ritaðar heimildir:

- Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti.* 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.
- Aðalnámskrá grunnskóla. Íslenska.* 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.
- Baldur Sigurðsson. 1997. Lesið af listfengi. *Skíma*. 1. tbl. Bls. 46-48.
- Baldur Sigurðsson. 1999. *Skýrsla um Stóru upplestrarkeppnina í 7. bekk veturinn 1999-2000.* Skrifuð 12. júlí 2000.
- Baldur Sigurðsson. 2001. *Upplestrarkeppni í grunnskóla. Handbók.* [Reykjavík], Undirbúningsnefnd um landskeppni í upplestri.
- Feykir.* 2003. Staðið sig á Stóru upplestrarkeppninni. Feykir. 11/2003. Bls. 3
<http://www.hagstofa.is>. Heimasíða Hagstofu Íslands. Slóð sótt 18. maí 2004.
<http://www.ismennt.is/vefir/upplestur/> Stóra upplestrarkeppnin. Heimasíða (Slóð sótt 20. apríl 2004.
- Ingibjörg Einarsdóttir 2004a. *Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk, 2003 - 2004.* Yfirlit.
- Ingvar Sigurgeirsson. 1999. Námsmat byggt á traustum heimildum. Í bókinni *Steinar í vörðu. Til heiðurs Þuríði Kristjánsdóttur sjötugri.* Í ritstjórn Helga Skúla Kjartanssonar, Kristínar Indriðadóttur og Ólafs Proppé. Reykjavík, RKHÍ. Bls.147-169.
- Kristborg Bóel Steinsdórsdóttir. 2002. *Hvað ég vildi sagt hafa... Rannsókn á viðhorfum kennara til Stóru upplestrarkeppninnar.* Lokaverkefni til B.Ed. prófs við Kennaraháskóla Íslands. Maí 2002.
- Kristín Elfa Guðnadóttir. 2004. „Lukum landnámi Íslands í haust“. (viðtal við Baldur Sigurðsson). *Skólavarðan* 4,3:14-15.
- Morgunblaðið.* 1997. Upplestrarkeppnin í fyrsta sinn í Hafnarfirði. Áhersala lögð á vandaðan upplestur og framburð. Viðtal við Þórð Helgason. Morgunblaðið 6. mars 1997. Bls. 6.
- Ruth Magnúsdóttir. 2002. *Stóra upplestrarkeppnin 2001 – 2002. Skýrsla Skólaskrifstofu Austurlands.*

6.2 Munnlegar heimildir:

Rósa Eggertsdóttir. 2004a. *Viðtal við Baldur Sigurðsson 12. janúar 2004.*

Rósa Eggertsdóttir. 2004b. *Viðtal við Ingibjörgu Einarsdóttur 12. febrúar 2004.*

Fylgiskjöl

1. Bréf til allra grunnskóla sem hafa 7. bekk ásamt spurningalista.
2. Bréf til skólastjóra með ósk um að tilnefna kennara til viðtals.
3. Bréf til skólastjóra með ósk um að tilnefna nemendur í hópviðtal.
4. Bréf til foreldra og nemenda.
5. Oral Reading Rubric – Grade 2 Poetry Unit.

Mat á Stóru upplestrarkeppninni

Að beiðni Menntamálaráðuneytisins fer fram mat á markmiðum, framkvæmd og áhrifum Stóru upplestrarkeppinnar. Óskað er eftir samstarfi við alla grunnskóla um mat á þessu verkefni. Upplýsinga verður aflað með spurningalistum til allra grunnskóla sem starfrækja 7. bekk, viðtal verður tekið við 20 kennara og nokkra nemendahópa, auk þess sem rýnt verður í gögn sem tengjast Stóru upplestrarkeppninni.

Meðfylgjandi spurningalisti er sendur til allra grunnskóla sem hafa 7. bekk. Síðar fara fram viðtöl við kennara og nemendur.

Þess er farið á leit að skólastjórnandi svari A hluta listans, hvort sem skólinn hefur tekið þátt í Stóru upplestrarkeppninni eða ekki. Ef skólinn hefur ekki tekið þátt í keppninni þá er skólastjórnandi vinsamlegast beðinn um að svara spurningu 1 og 2 og senda svo listann til baka í meðfylgjandi umslagi.

Ef skólinn hefur verið þátttakandi í Stóru upplestrarkeppninni í fyrra og/eða næstu ár þar á undan er þess farið á leit við skólastjórnanda að hann svari A hluta listans en að **einn** annar starfsmaður skólans, kennari, sem hefur kennt og þjálfað nemendur í framburði og upplestri svari B hluta listans.

Til að fá sem fjölbreyttust sjónarmið er óskað eftir því að skólastjórnandi geri skrá yfir þá kennara sem nú kenna við skólann og hafa að minnsta kosti vetrarlanga reynslu af þátttöku í Stóru upplestrarkeppninni. Síðan velji skólastjóri algerlega af handahófi (t.d. úr miðum) kennara til að svara B hluta listans.

Forprófun listans sýnir að útfylling listans tekur um 15 - 30 mínútur. Þegar lokið er við að svara A og B hluta listans er óskað eftir að þeir verði báðir sendir á neðangreint heimilisfang ekki síðar en 5. nóvember n.k.

Með fyrirfram þakklæti fyrir samstarfið

Rósa Eggertsdóttir, verkefnisstjóri



Mat á Stóru upplestrarkeppninni

Vinsamlegast skilið inn svörum fyrir
5. nóvember 2003

A hluti (útfyllt af skólastjórnanda)

1.	Hefur skólinn verið þátttakandi í Stóru upplestrarkeppninni? <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei Ef já: <input type="checkbox"/> Fyrsta ár þátttöku var haustið _____ (ártal) <input type="checkbox"/> Í hve mörg ár hefur skólinn tekið þátt í keppninni fram að þessu? _____
----	--

*Ef skólinn hefur ekki tekið þátt í Stóru upplestrarkeppninni vinsamlega merktu einungis við
spurningu 1 og sendu listann til Háskólans á Akureyri.*

2.	Í hvers konar umhverfi er skólinn? A. <input type="checkbox"/> Dreifbýli (sveit, þorp) <input type="checkbox"/> Þéttbýli (kaupstaðir, kauptún) B. <input type="checkbox"/> Austurland <input type="checkbox"/> Norðurland eystra <input type="checkbox"/> Norðurland vestra <input type="checkbox"/> Vestfirðir <input type="checkbox"/> Stór-Reykjavík <input type="checkbox"/> Suðvesturland <input type="checkbox"/> Suðurland <input type="checkbox"/> Vesturland
----	---

3.	Hve margir kennarar, sem nú starfa við skólann, hafa kennt og þjálfað nemendur í 7. bekk fyrir Stóru upplestrarkeppnina? <input type="checkbox"/> 1 kennari <input type="checkbox"/> 2 – 4 kennarar <input type="checkbox"/> 5 – 6 kennarar <input type="checkbox"/> 7 kennarar eða fleiri
----	---

4.	Hefur farið fram formleg umræða innan skólans um hvers vegna skólinn tekur þátt í Stóru upplestrarkeppninni? <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
----	--

5.	<p>Með hvaða hætti er þátttaka í Stóru upplestrarkeppninni ákveðin?</p> <p><input type="checkbox"/> Stóra upplestrarkeppnin er hluti af stefnu skólans.</p> <p><input type="checkbox"/> Skólastjóri ákveður ár hvert um þátttöku skólans.</p> <p><input type="checkbox"/> Kennarar í 7. bekk ráða því hvort þeir og nemendur þeirra taki þátt.</p>
-----------	---

6.	<p>Hvers vegna tekur skólinn þinn þátt í stóru upplestrarkeppninni? (Merkja má við fleiri en einn möguleika).</p> <p><input type="checkbox"/> Til að stuðla að bættem framburði og upplestri nemenda</p> <p><input type="checkbox"/> Til að stuðla að auknum lestri nemenda</p> <p><input type="checkbox"/> Til að bæta lestrarfærni nemenda</p> <p><input type="checkbox"/> Til að efla sjálfstraust nemenda</p> <p><input type="checkbox"/> Vegna tilmæla frá skólanefnd, skólamálafulltrúa eða öðrum á vegum sveitarfélagsins</p> <p><input type="checkbox"/> Vegna hvatningar frá Undirbúningsnefnd Stóru upplestrarkeppninnar</p> <p><input type="checkbox"/> Vegna hvatningar frá kennurum</p> <p><input type="checkbox"/> Vegna hvatningar frá nemendum</p> <p><input type="checkbox"/> Vegna hvatningar frá foreldrum</p> <p><input type="checkbox"/> Annað</p>
-----------	--

7.		Allir	Flestir	Um helmingur	Nokkrir/fáir
	Hve stór hluti nemenda í 7. bekk tekur þátt í <i>ræktunarhluta</i> Stóru upplestrarkeppninnar ár hvert?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
	Hve stór hluti nemenda í 7. bekk tekur þátt í <i>keppnishluta</i> (keppt innan bekkjar) Stóru upplestrarkeppninnar ár hvert?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

8.	<p>Hafa vinnubrögð Stóru upplestrarkeppninnar haft áhrif á þjálfun og kennslu framburðar og upplestrar í öðrum árgöngum en 7. bekk?</p> <p style="text-align: right;"><input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei <input type="checkbox"/> Veit ekki</p> <p>Ef já í hvaða árgöngum:</p> <p><input type="checkbox"/> 4. bekk <input type="checkbox"/> 5. bekk <input type="checkbox"/> 6. bekk <input type="checkbox"/> 8. bekk <input type="checkbox"/> 9. bekk <input type="checkbox"/> 10. bekk</p>
-----------	---

Mat á Stóru upplestrarkeppninni

Vinsamlegast skilið inn svörum fyrir
5. nóvember 2003

B hluti (útfyllt af einum kennara sem svarar út frá eigin reynslu)

9.	Vinsamlega taktu afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga:	Mjög sammála	Sammála	Hlutlaus	Ósammála	Mjög ósammála
a.	Flestir nemendur í 7. bekk eru áhugasamir um þátttöku í Stóru upplestrarkeppninni.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
b.	Ég tel mig vel í stakk búna/búinn að leiðbeina nemendum um framburð og upplestur.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

10.	Skipulag Stóru upplestrarkeppninnar eykur líkur á því að í skólanum fari fram markviss þjálfun og kennsla í upplestri og framburði.	Mjög sammála	Sammála	Hlutlaus	Ósammála	Mjög ósammála
		<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

11.	Hve mikill kennslutími á viku að meðaltali fer í vinnu með nemendum vegna Stóru upplestrarkeppninnar á meðan á henni stendur? <input type="checkbox"/> minna en 1 kennslustund <input type="checkbox"/> 1 - 2 kennslustundir <input type="checkbox"/> 3 kennslustundir eða fleiri
-----	--

12.	Hve langan tíma vikulega tekur það þig að meðaltali að undirbúa kennslu og þjálfun vegna Stóru upplestrarkeppninnar á meðan á henni stendur? <input type="checkbox"/> minna en 1 klukkustund <input type="checkbox"/> 1 -2 klukkustundir <input type="checkbox"/> 3 – 4 klukkustundir <input type="checkbox"/> 5 klukkustundir eða fleiri
-----	---

13.	<p>Hvernig eru nemendur valdir til að taka þátt í keppnishlutanum? (Merkja má við fleiri en einn möguleika)</p> <p><input type="checkbox"/> Allir nemendur í hverri bekkjardeild keppa um sæti bestu upplesara.</p> <p><input type="checkbox"/> Hluti nemenda í hverri bekkjardeild keppir um sæti bestu upplesara.</p> <p><input type="checkbox"/> Dæmi eru um að fyrirfram hafi verið ákveðið hverjir verði fulltrúar bekkjardeilda í úrslitakeppni innan skóla.</p> <p><input type="checkbox"/> Allir sigurvegarar úr 7. bekk eiga jafnan rétt á að verða fulltrúar síns skóla í lokahátíð í héraði.</p> <p><input type="checkbox"/> Dæmi eru um að fyrirfram hafi verið ákveðið hverjir verði fulltrúar skólans í héraðskeppni.</p>
------------	--

14.	Vinsamlega taktu afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga um framlag <i>Undirbúningsnefndar um landskeppni í upplestri</i>:	Mjög sammála	Sammála	Hlutlaus	Ósammála	Mjög ósammála
a.	Skipulag það sem Undirbúningsnefnd leggur til varðandi <i>ræktunarhlutann</i> fellur vel að hugmyndum mínum um kennslu og þjálfun upplestrar og framburðar.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
b.	Gögn (handbók og myndband) frá Undirbúningsnefnd varðandi <i>ræktunarhlutann</i> styðja vel við kennslu og þjálfun upplestrar og framburðar.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
c.	Skipulag undirbúningsnefndar varðandi <i>keppnishlutann</i> fellur vel að hugmyndum mínum um lok Stóru upplestrarkeppninnar (Hér er átt við keppni í bekkjardeildum, keppni innan skóla og loks lokakeppni í héraði með þátttöku héraðsnefndar).	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
d.	Gögn (lestextar, veggspjald, viðurkenningarspjald og verðlaunaspjöld) er varða keppnishlutann eru fullnægjandi.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

15.	Hafa markmið (það að vekja athygli og áhuga á vönduðum upplestri og framburði) Stóru upplestrarkeppninnar náðst?	Mjög sammála <input type="checkbox"/>	Sammála <input type="checkbox"/>	Hlutlaus <input type="checkbox"/>	Ósammála <input type="checkbox"/>	Mjög ósammála <input type="checkbox"/>
------------	--	--	-------------------------------------	--------------------------------------	--------------------------------------	---

16.	Vinsamlega taktu afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga:	Mjög sammála	Sammála	Hlutlaus	Ósammála	Mjög ósammála
a.	Stóra upplestrarkeppnin hefur stuðlað að auknum lestri nemenda í 7. bekk.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
b.	Stóra upplestrarkeppnin hefur bætt lestrarfærni nemenda í 7. bekk.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
c.	Stóra upplestrarkeppnin tekur of mikinn tíma frá annarri kennslu.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
d.	Stóra upplestrarkeppnin tekur of mikinn tíma frá öðru námi nemenda.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
e.	Þátttaka í Stóru upplestrarkeppninni eflir sjálfstraust nemenda	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

17.	Hvað myndi gerast að þínu mati ef Stóru upplestrarkeppninnar nyti ekki lengur við? (Merkja má við fleiri en einn möguleika) <input type="checkbox"/> Skólinn myndi sjálfur viðhalda vinnubrögðum Stóru upplestrarkeppninnar. <input type="checkbox"/> Skólinn myndi leggja áherslu á þjálfun og kennslu framburðar og upplestrar. <input type="checkbox"/> Skólinn myndi leggja af keppnishluta Stóru upplestrarkeppninnar. <input type="checkbox"/> Þjálfun og kennsla framburðar og upplestrar myndi leggjast af sem sérstakt átak í 7. bekk.
------------	---

18.	Vinsamlega taktu afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga:	Mjög sammála	Sammála	Hlutlaus	Ósammála	Mjög ósammála
a.	Foreldrar eru áhugasamir um Stóru upplestrarkeppnina	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
b.	Skólaskrifstofan /skólafulltrúi er áhugasöm/áhugasamur um Stóru upplestrarkeppnina.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
c.	Skólanefnd er áhugasöm um Stóru upplestrarkeppnina.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

19.	Leiðbeiningar um mat á frammistöðu nemenda sem koma fram í handbók með Stóru upplestrarkeppninni eru gagnlegar.	Mjög sammála <input type="checkbox"/>	Sammála <input type="checkbox"/>	Hlutlaus <input type="checkbox"/>	Ósammála <input type="checkbox"/>	Mjög ósammála <input type="checkbox"/>
-----	---	--	-------------------------------------	--------------------------------------	--------------------------------------	---

20.	<p>Stendur skólinn formlega að mati á áhrifum Stóru upplestrarkeppinnar á nemendum í 7. bekk?</p> <p style="text-align: right;"><input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei</p> <p>Ef já með hvaða hætti er það mat?: (Merkja má við fleiri en einn möguleika)</p> <p><input type="checkbox"/> metin eru aukin útlán bóka af skólabókasafni til nemenda</p> <p><input type="checkbox"/> bornar eru saman upptökur (myndband, hljóðband) af upplestri einstakra nemenda yfir tiltekið tímabil.</p> <p><input type="checkbox"/> viðtöl eru tekin við nemendum undir lok keppinnar.</p> <p><input type="checkbox"/> lesskilningur borinn saman fyrir og eftir keppnina.</p> <p><input type="checkbox"/> leshraði borinn saman fyrir og eftir keppnina.</p> <p><input type="checkbox"/> Annað: _____</p> <p>_____</p>
-----	--

Athugasemdir sem þú vilt koma á framfæri varðandi Stóru upplestrarkeppnina.

Kærar þakkir fyrir samstarfið.

Vinsamlegast sendið A og B hluta í meðfylgjandi umslag merkt:

Rósu Eggertsdóttur
Skólaþróunarsvið kennaradeildar Háskólans á Akureyri
Þingvallastræti 23
600 Akureyri

Skólaþróunarsvið kennaradeildar



Fylgiskjal 2

Akureyri 6. febrúar 2004

Ágæti skólastjóri

Efni: Stóra upplestrarkeppnin

Eins og þér mun kunnugt af spurningalista sem sendur var skóla þínum í október s.l. þá hefur Skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri með höndum könnun á Stóru upplestrarkeppninni fyrir hönd Menntamálaráðuneytisins.

Í kjölfar spurningalistans er stefnt að því að taka viðtöl við 20 kennara víðsvegar um landið. Til að velja þessa kennara hafa 20 skólar verið valdir af handahófi. Þinn skóli kom fram í þessu úrtaki. Við leitum því enn á ný til þín um aðstoð og biðjum þig að velja alveg af handahófi einn kennara úr kennaraliði þínu sem hefur verið þátttakandi í Stóru upplestrarkeppninni og leita eftir því hvort taka megi símaviðtal við hann í janúar. Spurningar munu varða reynslu hans/hennar og skoðanir á ýmsum þáttum er lúta að Stóru upplestrarkeppninni. Gera má ráð fyrir að hvert viðtal geti tekið frá 10 – 20 mínútur.

Biðjum við þig um að senda nafn kennarans og nafn skólans til rosa@unak.is. Ég mun svo setja mig í samband við kennarann og semja um tíma til viðtalsins.

Með fyrirfram þökk

Rósa Eggertsdóttir, sérfræðingur

Skólaþróunarsvið kennaradeildar



Fylgiskjal 3

Akureyri 27. apríl 2004

Til skólastjórnenda í eftirtöldum skólum:

xxx

Í vetur hefur Skólaþróunarsvið HA verið að leggja mat á verkefnið sem nefnt hefur verið Stóra upplestrarkeppnin. Fyrir áramót var sendur út spurningalisti til skólanna og eftir áramótin hefur verið tekið viðtal við 20 kennara. Þörf er á að taka viðtöl við nokkra nemendur í 7. bekk.

Spurning mín er hvort mögulegt sé að fá að taka eitt hópviðtal í hverjum ofangreindra skóla dagana 3., 4. og 5. maí n.k. Gengið er út frá að 4 nemendur séu í hverjum hópi en viðtalið gætið tekið allt að 30 mínútum. Viðtölin eru nafnlaus en raða þyrfti í hópana algjörlega handhófskennt. Lagt er til að það verði 2., 4., 7. og 10 nafn eða eitthvað í þeim dúr. Það kæmi sér vel ef þetta er mögulegt. Þá bið ég ykkur um að nefna mér hentugan tíma einhvern af þessum dögum.

Með fyrirfram þökk og góðum kveðjum

Rósa Eggertsdóttir

Skólaþróunarsvið kennaradeildar



Fylgiskjal 4

Akureyri 28. apríl 2004

Ágætu nemendur í 7. bekk og foreldrar þeirra

Í vetur hafa nemendur í 7. bekk tekið þátt í Stóru upplestrarkeppninni. Markmið verkefnisins beinist að því að efla framsögn og upplestur.

Skólaþróunarsvið kennaradeildar Háskólans á Akureyri er, að beiðni Menntamála-ráðuneytisins, að meta árangur verkefnisins. Fyrir áramótin var sendur út spurningalisti til allra skóla í landinu sem hafa 7. bekk. Eftir áramótin var rætt við 20 kennara og nú er komið að því að tala við nemendahópa og nokkra foreldra.

Ég hef óskað eftir því við skóla barnsins þíns að fá að taka eitt hópviðtal við fjóra nemendur í 7. bekk, algjörlega valda af handahófi. Það hefur verið lagt til við skólana að þeir velji nemendur nr. 2, 4, 7 og 10 (eða þar sem næst) af bekkjarlista.

Með þessu bréfi leita ég eftir samþykki ykkar, foreldra og nemanda í 7. bekk að ég fái að taka viðtal við nemandann sem verður einn af fjórum í hópviðtali. **Ekki verður spurt um nöfn þeirra sem fara í viðtalið.** Í viðtalinu verður spurt um afstöðu nemenda til Stóru upplestrarkeppninnar, um ræktunarhlutann og keppnishlutann, hvort þeim hafi farið fram í upplestri og framsögn o.fl. í þeim dúr. Viðtalið gæti tekið allt að 30 mínútur.

Það myndi styrkja rannsóknina ef það væri mögulegt að **ræða við nokkra foreldra** um þetta verkefni. Ef þið sjáið ykkur fært að hringja í mig (463-0568) til að spjalla í nokkrar mínútur, þá yrði það vel þegið. Þar sem gagnaöflun þarf að vera lokið 6. maí, bið ég ykkur að hringja fyrir þann tíma.

Ef þið eða barn ykkar viljið **ekki** að barnið verði þátttakandi í nemendaviðtalinu, bið ég ykkur um að láta umsjónarkennarann eða skólastjórann vita sem fyrst.

Með góðri kveðju og fyrirfram þökk.

Rósa Eggertsdóttir
sérfræðingur

Oral Reading Rubric – Grade 2 Poetry Unit

Student Name: _____ Date: _____

Project: _____ Score: _____

	3 Confident Oral Reader	2 Developing Oral Reader	1 Beginning Oral Reader
Presentation	<ul style="list-style-type: none"> • Speaks loudly and clearly. • Reads with expression related to the content of the poem. • Faces Audience. • Stands straight and tall. 	<ul style="list-style-type: none"> • Speaks loudly. • Some words are unclear. • Reads with little expression. • Stands straight and tall. 	<ul style="list-style-type: none"> • May be reluctant to speak. • Needs to speak louder. • Many words are unclear.

Poetry Place. <http://www.mervlink.com/ssousa/id18.htm>
 Slóð sótt 18. maí 2004.

ORAL RUBRIC

CRITERIA	STRONG (5)	MATURING (4)	PROFICIENT (3)	EMERGING (2)	DEFICIENT (1)	NO PARTICIPATION (0)
<u>PRESENTATION</u>	<input type="checkbox"/> Approaches professional delivery. <input type="checkbox"/> Audience is enthralled. <input type="checkbox"/> Skilled use of graphics to enhance speech. <input type="checkbox"/> Seamless transitions.	<input type="checkbox"/> Delivery shifts in tone. <input type="checkbox"/> Subtle transitions.	<input type="checkbox"/> Prepared and rehearsed. <input type="checkbox"/> Relaxed and confident. <input type="checkbox"/> Speaks clearly and slowly. <input type="checkbox"/> Makes eye contact. <input type="checkbox"/> Appropriate gestures and facial expressions.	<input type="checkbox"/> Audience needs only partially addressed. <input type="checkbox"/> Halting delivery.	<input type="checkbox"/> Unprepared. <input type="checkbox"/> Unrehearsed. <input type="checkbox"/> Flat. <input type="checkbox"/> No eye-contact. <input type="checkbox"/> Graphic aids distracting.	<input type="checkbox"/> No presentation.

Unit planner. http://www.meridianschools.org/doc/concept_units_apse.doc
 Slóð sótt 18. maí 2004.